ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 28. október 1998 • 43. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sundstræti 34, fyrrum hús Hraðfrystihússins Norðurtanga hf. og HN-búðarinnar.

Básafell selur Sundstræti 34 á Ísafirði

Þórður Júl. kaupir

Básafell hf. hefur selt Þórði Júlíussyni á Ísafirði húsið nr. 34 við Sundstræti á Ísafirði. Í þessu húsi var HN-búðin lengi og önnur starfsemi Hraðfrystihússins Norðurtanga hf. Eftir að Norðurtanginn hætti verslunarrekstri í húsinu var þar um skeið fiskbúðin Norðurvör og síðan JF-búðin.

Eftir að Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur fengið húsið að Austurvegi 11 er Kvenfélagið Ósk á nokkrum hrakhólum og eru hugmyndir um að félagið fái aðstöðu í húsinu að Sundstræti 34.

Málþing um byggðastefnu á Ísafirði

Rauði þráðurinn var jákvæður tónn

Um sextíu manns sátu málþing um byggðastefnu, sem Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ gekkst fyrir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag.

,,Það sem mér fannst athyglisverðast varðandi framsöguerindi heimafólks, var að öll erindin þrjú höfðu þann undirtón, að við þyrftum margs að gæta varðandi atvinnuþróunina og vera ákaflega vel vakandi fyrir þeim tækifærum sem kynnu að vera til staðar," sagði Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður. Sjá einnig bls. 2.



Maðurinn í Turninum

- Litið inn til Arnórs Magnússonar, flugradíómanns á Ísafjarðarflugvelli. – sjá bls. 4 og 5.

Ofsóknir og einelti

– skuggaleg saga hjónanna Ásthildar Gestsdóttur og Haralds Ísaksen á Ísafirði í miðopnu

Ný sending frá Kelló!
Ath! Straufríu skyrturnar eru komnar!
PAS buxurnar eru einnig komnar!
Opið til kl. 16:00 á laugardag

JÓN og GUNNA
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

ALLAR BARNAVÖRUR Á EINUM STAÐ

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Erfingjar á ári hafsins

Við eigum kvótann! Þessi djörfu orð voru lögð í munn fjögurra fallegra stúlkna í opnu Morgunblaðsins fyrir nokkru. Nánari lestur leiddi í ljós að fallegu stúlkurnar fjórar voru á vegum Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem kvað stúlkurnar eiga kvótann vegna eignar margra lífeyrissjóða á hlutabréfum í hinum ýmsu útgerðarfélögum.

Út af fyrir sig er það gleðilegt að útvegsmenn sjái sér fært að eyða nokkrum milljónum í auglýsingar. Það fer hins vegar ekki á milli mála að mikið liggur við þegar fjórar fallegar stúlkur eru notaðar til að koma á framfæri gömlu lífeyrissjóðslummunni, sem útvegsmenn vita manna best að er tómt bull. Milli hlutabréfaeignar lífeyrissjóða og kvótaeignar almennings er ekkert samasemmerki.

,,Stöndum saman og skilum auðlindinni áfram til komandi kynslóða". Íslenskir útvegsmenn á ári hafsins.

Fyrir skömmu sat Kristján Ragnarsson, form. LÍÚ fyrir svörum á Stöð 2, hvar tveir fréttamenn leituðu ráða hjá formanninum hvernig þeir ættu að komast inn í bransann með ,,Sigmund & Eggert ehf" sem hyggðist hefja útgerð!

Svo sem vænta mátti stóð ekki á svari. Veiðiði bara kolmunna og túnfisk, strákar mínir, þar er enginn kvóti. Og síðan skemmti þrenningin sér vel yfir orðheppni svarandans. Já, ,,Sigmundur og Eggert ehf" fara bara í kolmunnann og túnfiskinn. Það eru aðrir sem eiga þorskinn.

Annað hvort skorti fréttamennina áræði til að fylgja spurningunni um endurnýjun í stétt útgerðarmanna eftir eða þeir höfðu einfaldlega ekki rænu á því eftir hið fyndna svar formannsins. Allavega létu þeir hann komast upp með að svara því ekki, hvers vegna nýir aðilar, sem vilja hefja útgerð, koma að luktum dyrum kvótakerfisins.

Ráðlegging form. LÍÚ til ,,Sigmundar og Eggerts ehf" var grímulaus yfirlýsing um að núverandi handhafar kvótans telja sig eiga sitja eina að nægtaborðinu, hinir geta hirt það sem utan við fellur.

Auglýsing útvegsmanna er því hvatning til að skila auðlindinni áfram til erfingja núverandi handhafa veiðileyfa, sem greinilega telja sig réttborna til að halda þeim fiskveiðiréttindum, sem ríkisvaldið hefur tekið að sér að úthluta **þeim sem eiga að lifa**, svo vitnað sé til orða þess merka stjórnmálamanns Bjarna Benediktssonar frá haftaárunum, þegar framtíð fyrirtækja var í mörgum tilfellum háð pólitískri afstöðu ríkisvaldsins.

Okkur ber skylda að skila auðlindinni til komandi kynslóða, en það gerum við ekki fyrr en búið er að afnema þá einokun á henni, sem nú viðgengst í skjóli ríkisvaldsins.

s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Smekklás

Orðin smekklás og smekkleysi eru talsvert svipuð að sjá. Samt eru þau alls óskyld og engin tengsl á milli þeirra, nema einhverjum þyki smekkleysi af hálfu Íslendinga að gleypa danskt orð blóðhrátt.

Smekklás í íslensku er sama orðið og danska orðið smæklås, sbr. sögnina at smække sem merkir að skella. Smekklás er uppfinning þeirrar náttúru, að ekki þarf að snúa lykli eða snerli til að læsa dyrum, heldur nægir að skella hurðinni.

Vissulega er þægilegra að geta skellt í lás í stað þess að nota lykil til að læsa. Þægindunum sleppir hins vegar þegar lykillinn gleymist innan dyra.

Gámaþjónusta Vestfjarða 10 ára

Moltugerð á döfinni

Fjöldi gesta kom í tíu ára afmælisfagnað Gámaþjónustu Vestfjarða um helgina. Ragnar Ágúst Kristinsson framkvæmdastjóri byrjaði reksturinn á sínum tíma í félagi við annan mann en tók síðan við honum alfarið sjálfur ásamt konu sinni og hafa þau smátt og smátt byggt stórt og traust fyrirtæki upp úr nánast engu.

Ræður voru fluttar í afmælisfagnaðinum, eins og vera ber. Ræðupúltið var sorptunna, sem var hæfilega yfirfull svo að „borðplatan" á púltinu hallaðist passlega mikið.

Gámaþjónusta Vestfjarða er sífellt með eitthvað nýtt á prjónunum. Fyrirtækið er farið að flytja brotajárn suður til endurvinnslu og á döfinni er framleiðsla á gróðurmold eða moltu, en mikill skortur er á henni á svæðinu. Til þess er ætlunin að nota garðaúrgang og hrossaskít sem til fellur hér um slóðir.

Fimm til sex manns starfa nú hjá Gámaþjónustunni og þrír bílar eru í rekstri.

Hjónin Sigríður Þóra Hallsdóttir og Ragnar Ág. Kristinsson við ræðupúltið í afmælisveislunni.

Hjálparbeiðni frá ungri stúlku

Valinkunnur Ísfirðingur, sem síður vill láta nafns síns getið opinberlega, kom með eftirfarandi bréf til Bæjarins besta og óskaði eftir birtingu þess. Þess má geta, að sá maður var á sínum tíma félagi og vinur föður stúlkunnar sem bréfið ritar, en það var Ólafur heitinn Guðmundsson, sonur Guðmundar M. Ólafssonar og Láru Veturliðadóttur, tónlistarmaður og blaðamaður á Ísafirði, sem lést langt um aldur fram.

Ég heiti Ragnhildur Ólafsdóttir og er 15 ára gömul. Ég lenti í bílslysi fyrir rúmum tveimur árum og fékk mjög alvarlegan heilaskaða. Mér var haldið sofandi í u.þ.b. fimm vikur á gjörgæslu, en síðan tók við barnadeild, Grensásdeild og Reykjalundur. Ég þurfti að sleppa 8. bekk en fór í 9. bekk með minni viðveru en ætti að vera og svo er einnig um 10. bekk sem ég er í núna. Áður var ég afbragðsnemandi en þarf núna stuðningskennslu. Hreyfigeta mín er takmörkuð, ég er „spastísk" vinstra megin og er bundin hjólastól, en kemst ferða minna innandyra með hjálp hækju. Í skólanum hef ég líka stuðningskonu til að komast um og bera fyrir mig töskuna. Fyrir slysið var ég mjög vel stödd félagslega en síðan er sagan allt önnur.

Nú hefur mér borist vitneskja um stofnun í Búdapest í Ungverjalandi, þar sem ég hef von um að geta fengið meiri bata. Ég á kost á þjálfun þar á einkarekinni stofnun frá 1. nóv. til 22. des. nk. Sú meðferð er mjög erfið líkamlega og andlega og ég veit að hún er mjög sársaukafull, en ég vil leggja það á mig.

Svo ég segi frá mínum heimilishögum, þá á ég eldri systur, sem er 17 ára, móðir mín er Katrín Fjeldsted Jónsdóttir og faðir minn Ólafur Guðmundsson, sem lést úr bráðahvítblæði fyrir 12 árum. Ég væri þakklát ef þið sæjuð ykkur fært að styrkja mig, þar sem þeta er mjög dýrt og alveg á kostnað móður minnar. Við munum dvelja utan stofnunarinnar en móðir mín mun verða með mér meðan á meðferðinni stendur. Við höfum stofnað reikning á nafni móður minnar, kt. 090555-4569, í Íslandsbanka, 527-14-601193.

Með fyrirfram þakklæti.
Ragnhildur Ólafsdóttir.

Málþingið „Er vit í byggðastefnu?" haldið á Ísafirði

Rauði þráðurinn á málþinginu var jákvæður tónn

Um sextíu manns sátu málþing um byggðastefnu, sem Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ gekkst fyrir í Edinborgarhúsinu sl. laugardag. Málþingið bar yfirskriftina „Er vit í byggðastefnu?" og hófst með inngangsorðum Einars Kristins Guðfinnssonar alþingismanns, en síðan var flutt erindi Bjarka Jóhannessonar, forstöðumanns þróunarsviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki, en hann komst ekki vestur.

Í erindi Bjarka var farið yfir þær breytingar á störfum Byggðastofnunar sem er verið að gera og hafa verið gerðar á undanförnum árum og þær nýju áherslur og nýju vinnubrögð sem þurfi að taka upp. Fjallað var um nauðsyn þess að nálgast verkefni Byggðastofnunar á alveg nýjan hátt og skilgreina þarfirnar betur en gert hefur verið. Ekki síst var lögð áhersla á að styrkja og byggja upp atvinnuþróunarfélögin og jafnframt að breyta lánastarfseminni í það horf, að starfrækja áhættulánasjóði í ríkari mæli.

Að loknu erindi Bjarka Jóhannessonar tóku við þrír framsögumenn úr heimabyggð, þau Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ, Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur og Halldór Jónsson, vinnslustjóri Básafells, en að lokum flutti Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður samantekt um störf málþingsins.

„Það sem mér fannst athyglisverðast", sagði Einar Oddur um framsöguerindi heimafólks, „var að öll erindin þrjú höfðu þann undirtón, að við þyrftum margs að gæta varðandi atvinnuþróunina og vera ákaflega vel vakandi fyrir þeim tækifærum sem kynnu að vera til staðar. Og ekki eingöngu á sviði atvinnumálanna sjálfra, heldur á fjölmörgum öðrum sviðum sem treysta byggðir og mannlíf.

Fram kom að það skipti sköpum, að við sjálf gæfum jákvæða ímynd af okkar byggð, þannig að landsmenn skynjuðu að hér liði fólki vel. Það fer enginn að setjast að þar sem hann veit að fólki líður illa. Þessi jákvæði tónn var rauði þráðurinn í öllum ræðunum þremur, enda þótt framsögumennirnir nálguðust viðfangsefnið á ákaflega mismunandi hátt. Mér þóttu framsögumenn allir mjög jákvæðir og gera grein fyrir máli sínu á mjög skilmerkilegan hátt", sagði Einar Oddur.

Þess má geta, að öll framsöguerindin hafa verið sett inn á internetið á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (ATVEST) og þeir sem vilja geta lesið þau þar. Tengingin við heimasíðu félagsins blasir við í síðusafni Snerpu á Ísafirði

Gilsfjarðarbrú opnuð á föstudag

Heildarkostnaður um 820 milljónir króna

Á föstudag kl. 15:30 mun samgönguráðherra opna formlega veg yfir Gilsfjörð fyrir almenna umferð. Verkinu er nánast lokið, einungis eftir að ganga frá nokkrum námum. Nýi vegurinn er 10,2 km langur og þar af 3,7 km í sjó og lengd brúar er 65 metrar. Heildarkostnaður vegna verkssins liggur ekki fyrir en það stefnir í 820 milljónir króna.

Verksamningur milli Vegagerðarinnar og Klæðningar ehf., sem aðalverktaka var undirritaður 8. febrúar 1996 og framkvæmdir hófust 11. mars sama ár. Undirverktaki við brúargerð var fyrirtækið Viðar hf., en mannvirkið var hannað af starfsmönnum Vegagerðarinnar og þeir sáu einnig um eftirlit með því.

Á árinu 1996 var brúin steypt auk þess sem unnið var við vegagerð á landi báðum megin fjarðar og um 700 metrar af vegi lagðir í sjó frá Kaldrana að sunnan. Um 230þm³ voru lagðir út af fyllingarefni og 22þm³ af síuefni.

Á árinu 1997 var unnið við fyllingar í sjó ásamt gerð síulags og grjótvarnar. Fyllingin náði saman yfir fjörðinn þann 14. júlí 1997 og var það Halldór Blöndal samgönguráðherra sem sturtaði síðasta hlassinu í lokunina. Um 370 þm³ voru unnir af fyllingarefni, 73 þm³ af síuefni og um 41þm³ af grjótvörn.

Á þessu ári hefur einkum verið unnið við gerð grjótvarnar og vegir verið kláraðir með bundnu slitlagi. Á árinu hefur verið komið fyrir um 73 þm³ af fyllingum, 20þm³ af síuefni og 125þm³ af grjóti ásamt burðarlögum og klæðningu. Gerð grjótvarnar lauk 15. október og lagningu bundins slitlags á aðalveginn lauk 20. október.

Í verkinu voru upphaflega tvær grjótnámur en seint á árinu 1997 var opnuð sú þriðja vegna þess að þær gáfu ekki það grjótmagn sem þurfti í mannvirkið. Í tveimur námunum var unnið grjót úr bergi en í þeirri þriðju var unnið í framhlaupsskriðu. Skriðan gaf um 54þm³ og sprenginámurnar um 117þm³ og til þess þurfti að sprengja um 300þm³ af bergi.

Brúin er sérstök að því leyti að stöplar hennar eru styrktir með graníti á þeim hluta sem sjór leikur um þá. Vængir landsstöplanna er mjög langir og bogadregnir til þess að ná sem mestum vatnsskiptum við brúna. Nú þegar framkvæmdum er lokið er ljóst að áætlanir hafa gengið eftir.

HÖFUM TIL SÖLU FLÍSAR, FLOT OG VIÐGERÐAREFNI. GETUM BÆTT VIÐ OKKUR VERKEFNUM Í FLÍSALÖGNUM.

ELÍAS SKAFTASON, SÍMI 456 3351
HERMANN ÞORSTEINSSON, SÍMI 456 4061
JÓN ÞORLÁKSSON, SÍMI 456 3068
ÖRN SVEINBJARNARSON, SÍMI 456 4110

GarðaMÚR
Brautarholt 8 • 400 Ísafjörður
Símar 852 3956 og 846 1213

Hápunktur Veturnátta

Í faðmi fjalla blárra

Boðið verður til tónlistarveislu í Ísafjarðarkirkju á föstudagskvöld, þar sem fram koma fjölmargir „vestfirskir“ listamenn og flytja söngperlur vestfirskra tónskálda, Jónasar Tómassonar (eldri og yngri), Hjálmars H. Ragnarssonar, Ragnars H. Ragnar, Jóns Ásgeirssonar, Skúla Halldórssonar, Sigvalda Kaldalóns og fleiri.

Þeir sem fram koma eru Sunnukórinn undir stjórn Margrétar Geirsdóttur, Söngfjelagið úr Neðsta, söngstöllurnar Herdís Anna Jónasdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir, einsöngvararnir Guðrún Jónsdóttir og Ingunn Ósk Sturludóttir, Janusz Frach fiðluleikari, Ármann Helgason klarinettleikari, Ragnheiður Bjarnadóttir upplesari og píanóleikararnir Beata Joó, Iwona Kutyla, Margrét Gunnarsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir.

Það er von þeirra sem að tónleikunum standa, að Vestfirðingar fjölmenni og hlýði á fagra tónlist „í faðmi fjalla blárra“.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og verð aðgöngumiða er kr. 1.200.

Fyrirhugaður snjóflóðavarnargarður ofan við Seljaland

„Ákveðið af minni hálfu að þessum garðfjanda verður ekki hrúgað upp orðalaust“

– segir Magni Örvar Guðmundsson netagerðarmeistari í bréfi frá Mexíkó

Magni Örvar Guðmundsson í Netagerð Vestfjarða, sem búsettur er að Seljalandi við Skutulsfjörð, gagnrýnir harðlega áformin um snjóflóðavarnargarð þann sem ætlunin er að gera ofan við Seljaland.

Garður þessi verður gríðarlegt mannvirki og ætlaður til þess að beina snjóflóðum frá Seljalandshverfinu í Tungudal. Hann verður um 700 metra langur, allt frá Seljalandsbænum og upp undir Skíðheima, 13-16 metra hár og um 40 metra breiður. Áformað er að hefja framkvæmdir í vor og á þá að rífa eða flytja brott íbúðarhús Magna og Svanhildar konu hans að Seljalandi, en það var byggt fyrir 88 árum.

Eftirfarandi bréf barst blaðinu frá Magna, þar sem hann var staddur í Mexíkó vegna verkefna fyrirtækis síns þar.

Bæjarins besta, Ísafirði.

„Ég sendi ykkur hlýjar kveðjur héðan frá Mexíkó. Mér fannst rétt að láta ykkur hafa afrit af bréfi sem ég sendi til umhverfisráðuneytisins, í framhaldi af hrokafullu bréfi að mínu mati, sem ráðuneytið sendi bæjarstjórn í september. Þar virðast sagan og heimildir engu máli skipta – gerið eins og við segjum og ekkert kjaftæði með það.

Það er ákveðið af minni hálfu, að þessum garðfjanda verður ekki hrúgað upp orðalaust. Ég mun berjast gegn honum af öllum þeim mætti sem ég get, þar til þörf hans verður sönnuð fyrir mér. Einn húskofi (Seljaland) skiptir mig ekki meginmáli – það er smámál t.d. í samanburði við jarðraskið, lýtin og ekki síður kostnað sveitarfélagsins, sem er 10% af heildarkostnaði eða 40-60 milljónir. En samt get ég ekki neitað því, að mér finnst það svolítið einkennilegt að það skuli vera hægt að verja hús Einars Odds á Flateyri en ekki mitt.

Mér finnst það meginkrafa, að allar forsendur fyrir garðinum, ég tala nú ekki um af þessari stærðargráðu, sem er alveg skelfileg, verði athugaðar gaumgæfilega.

Mér fannst vera kominn hugur í fólk á móti þessu, um það leyti sem ég var að fara og mjög margir hafa lýst yfir stuðningi við mig.

Bestu kveðjur.
Magni.“

Bréf Magna Guðmundssonar til ráðuneytisins:

Umhverfisráðuneytið
Vonarstræti 4
Reykjavík
Hr. Magnús Jóhannesson.

Mazatlán, 2. október 1998.

Með vísan til bréfs yðar 95030176 dags. 14.09. til Ísafjarðarbæjar vill undirritaður ítreka eftirfarandi:

Í bréfi sem við hjónin sendum bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sl. vor, bentum við á að byggð hafi staðið óslitið að Seljalandi frá því um 1200, og trúlega lengur.

Það eru engar heimildir í 800 ára sögu byggðar á staðnum um snjóflóð á bæinn, utan snjóflóð sem féll í mars 1947 í miklum snjóavetri, og var það ekki stærra en svo, að smávörn hefði varið húsið gegn öllum skaða.

Okkur þykir því með ólíkindum, að eftir 800 ára búsetu á staðnum sé hann allt í einu orðinn svo hættulegur að flytja verði íbúðarhúsið burt eða rífa það. Í því sambandi vil ég benda á, að húsið er byggt 1910.

Einnig vil ég benda á, og er ekki einn um þá skoðun, fjarri því, að ef ekki er vörn fyrir Seljalandshverfið og fyrirhugaða byggð handan Tunguár af Seljalandsmúlanum og náttúrulegum aðstæðum þar, sé hún tæplega í 400-600 milljón króna varnargarði úr möl, leir og moldardrullu.

Því ítreka ég enn kröfu okkar hjóna og annarra íbúa Ísafjarðarbæjar, þar sem framkvæmd hennar snertir hagsmuni okkar allra, að forsendur á þörf þessa mikla og rándýra mannvirkis verði endurmetnar. Ennfremur krefjumst við þess að forsendurnar verði skýrðar fyrir íbúum svæðisins og þeir ráðgjafar sem tillögurnar gera útskýri þær og verji. Það er með hreinum ólíkindum hvernig unnið hefur verið að þessu máli gagnvart íbúunum, og þykir mér ekki fast að orði kveðið að segja, að læðst hafi verið um eins og þjófar að nóttu í máli þessu.

Íbúðarhúsið að Seljalandi.

Verði það ekki gert, leyfi ég mér að efast um að framkvæmdin sé í þágu íbúanna og munum við hugleiða það alvarlega, hvort ákvarðanatakan sé ekki frekar í þágu annarra aðila sem hag hafa af slíkum framkvæmdum.

Virðingarfyllst.
Magni Örvar Guðmundsson Seljalandi.

Maðurinn í Turninum

– litið inn til Arnórs Magnússonar, flugradíómanns á Ísafjarðarflugvelli

Við notum tækifærið að líta inn í flugturninn á Ísafjarðarflugvelli dag einn þegar búið er að aflýsa flugi og mestu rólegheit hjá Arnóri Magnússyni sem þar er á vaktinni. Vindur er vissulega hagstæður, rakin norðanátt og stendur beint á brautina, en það er snjókoman sem hindrar flug að þessu sinni.

Flugturninn er ekki fyrsta mannvirkið þeirrar gerðar á Ísafirði sem byggt er gagngert til þess að fylgjast með samgöngum. Turnhúsið í Neðstakaupstað dregur nafn sitt af turninum sem gnæfir upp úr þakinu, en þaðan var skyggnst eftir skipakomum á fyrri tíð. Arnór Magnússon hefur unnið sem flugradíómaður á Ísafjarðarflugvelli síðan 1984. Hann er annars húsasmiður að iðn og hefur tekið sér frí úr turninum öðru hverju og fengist við smíðar. Þeir eru tveir fastráðnir sem skiptast á vöktum í flugturninum. Hinn er Sturla Páll Sturluson frá Suðureyri, en hann á langtum skemmri starfsaldur að baki á þessum vettvangi en Arnór. Auk þeirra koma ýmsir afleysingamenn til starfa, svo sem heimamennirnir Finnbogi Sveinbjörnsson og Rúnar Örn Rafnsson, og í sumar komu m.a. flugumferðarstjórar úr Reykjavík og leystu af.

Næturflugið

Fyrir utan hinar daglegu vaktir eru þeir félagar alltaf á bakvöktum, viðbúnir útköllum vegna sjúkraflugs hvenær sólarhringsins sem er. Sérstakar reglur gilda um næturflug á Ísafirði. Sjúkraflugvélar mega bæði lenda og fara á loft í myrkri, en farþegavélar mega undir vissum kringumstæðum fara á loft eftir myrkur og þá aðeins út fjörðinn.

„Það er búið að þrengja svolítið að okkur hérna í turninum eftir að húsið var tekið í gegn“ segir Arnór þegar við skoðum okkur um í þessari sérkennilegu vistarveru. „Turninn hefur setið svolítið á hakanum, enn sem komið er, og við erum farnir að vonast eftir betri aðstöðu.“

Er Ísafjarðarflugvöllur varasamur?

Oft er flugi til Ísafjarðar aflýst vegna veðurs, jafnvel þótt fólkið í bænum verði ekki vart við annað en logn og blíðu. Margir hafa lent í því að hringsóla langtímum saman úti yfir Djúpinu til þess eins að snúa síðan aftur til Reykjavíkur. Því má spyrja: Er Ísafjarðarflugvöllur varasamur eða hættulegur, í samanburði við aðra velli á landinu?„Nei. Hann er ekki varasamur eða hættulegur. Hins vegar er hann erfiður við vissar vindaðstæður. En við þekkjum vel þessi vindafbrigði sem eru erfið og það er ekki verið að taka neina áhættu. Öryggismörkin eru mjög ströng.“

Vindur getur verið á báðum áttum

Á stjórnborðinu í flugturninum getur að líta ýmis tæki og mæla. Þar má m.a. sjá vindátt og vindhraða við báða enda flugbrautarinnar, bæði meðalvindstyrk og hámark og lágmark. Í langflestum tilvikum er lent og farið á loft á móti vindi.

„Þegar vindur stendur beint inn fjörðinn, eins og núna, þá ber vindmælunum yfirleitt nokkuð vel saman. Þegar aftur á móti er suðaustanátt í lofti, þá stendur vindurinn þvert á fjöllin hér og þá getur vindurinn hreinlega verið úr báðum áttum í senn, sitt á hvorum enda brautarinnar. Það getur verið suðvestanátt á vesturendanum en suðaustanátt á hinum endanum. Við slíkar aðstæður verður hér misvindi og fólk niðri á Eyri er oft hissa á því að það skuli ekki vera flogið, því að þar er kannski nánast logn. Því miður er þetta vandamál sem við eigum við að etja hér á Ísafjarðarflugvelli, að við þolum ekki svo mikinn vind þvert á og eigum því von á vindi úr báðum áttum á brautina.“

„Rétt“ vindátt sést á Þverfjalli

Vindmælarnir við brautarendana sýna núna um og yfir 30 hnúta. „En svo getum við líka séð vindinn uppi á Þverfjalli og bráðum erum við að fá aðra veðurstöð úti á Arnarnesi. Þar er ætlunin að verði bæði skyggnis- og skýjahæðarmælir, auk

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð **í mjög góðu standi, ásamt bílskúr. Áhv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-**
Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Góður garður. Ekkert áhvíl-andi Verð kr. 8,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. **Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er allt að mestu uppgert. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hlíðarvegur 43: 186 m² Raðhús á þremur hæðum **ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 1.3 millj. Verð kr. 8,800,000,-**
Lyngholt 8: 138 m² einb.hús á einni hæð + 31 m² bílsk. **Nýtt parket ný málað Skipti möguleg. Áhv. ca. 5,5 millj. Verð kr. 10,800,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Möguleg skipti á minni eign Verð kr. 11,000,000,-**
Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Verð kr. 7,500,000,-**
Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 700 þús. Verð kr. 12,700,000,-**
Seljalandsvegur 84a: 85 m² einbýlishús á einni hæð, **endurbyggt 1992 Verð kr. 6,200,000,-**
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. **Áhv. 1,6 millj. Verð kr. 3,700,000,-**
Tangagata 6a: 99.7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Laust fljótlega. Öll tilboð skoðuð. **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 6,800,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. **Laust fljótlega. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Skipti á stærri eign möguleg. **Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92,1 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. Mikið uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. **Áhv. ca. 2,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**
Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,800,000,-**
Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,900,000,-**
Hjallavegur 8: 128,5 m² 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 2.8 millj. Laus 1. janúar 1998. Verð kr. 6,900,000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðv.innr. Einnig 415 m² iðnaðar- og viðg.húsnæði ásamt lagerhúsnæði. **Tilboð**
Pólgata 5a: 121 m² nýlega uppgerð 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt bílskúr og 1/2 kjallara. **Íbúðin er laus strax. Verð kr. 6,300,000,-**
Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 5,000,000,-**
Sólgata 8: 101,7 m² 3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi kjallara og rislofts. **Áhv. ca. 850 þús. Verð kr. 7,000,000,-**
Stórholt 9: 164,3 m² 6 herb. íbúð á 1.h.t.v.+kjallara m/sér inngangi. Hægt að ganga í garð af svölum. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 7,700,000,-**
Stórholt 13: 123 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. **Áhv. ca. 567 þús. Verð kr. 7,900,000,-**
Túngata 21: 77,8 m² 4ra herb. risíbúð á 3ju hæð í þríbýli. Inng. sameiginl. m/2. hæð. **Nýlega viðgert þak. Áhv. ca. 600 þús. Verð kr. 5,600,000,-**

Aðalstræti 20b:

215 m² verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð ásamt kjallara. Staðsett í hjarta bæjarins. Tilheyrandi **166 m² eignarlóð. Verð kr. 16,700,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Pólgata 6: 55 m² risíbúð í fjölbýlishúsi, **ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjuð. Góð kjör í boði. Verð kr. 3,900,000,-**
Sólgata 8: 80 m² íbúð í góðu standi á neðri hæð í fjölbýlishúsi. **Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 7: 76 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. **Ásamt sér geymslu. Verð kr. 4,800,000,-**
Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi **ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríbýlishúsi **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,500,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi **ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 5,900,000,-**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. **Áhv. ca. 3,9 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi **ásamt sér geymslu. Íbúðin er laus strax. Öll tilboð skoðuð Áhv. ca. 2,7 millj. 5,000,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. **Fallegt útsýni. Laust fljótlega. Verð kr. 5,500,000,-**
Mjallargata 5: 200 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð, gistiheimili á efri hæð. **Áhvílandi 3 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

þess sem við getum séð bæði vindstyrk og stefnu.“ Arnór lítur í tölvu og þar má sjá vindhraðann á tíu mínútna fresti á Þverfjalli. Þar er vindhraðinn frá 37 og upp í 56 hnúta síðasta hálftímann eða svo. „Það er mjög gott fyrir okkur að hafa þessa viðmiðun uppi á Þverfjalli, einkum til að sjá hver raunverulega vindáttin er.“

Ekki flugumferðarstjórar

Starfsmennirnir í flugturninum á Ísafirði eru ekki flugumferðarstjórar, heldur nefnast þeir flugradíómenn. Þeir annast flugleiðsöguþjónustu, eru í talsambandi við vélarnar og gefa þeim upp veður. „Við mætum hér sjö á morgnana og byrjum á því að gefa veður til Veðurstofunnar gegnum tölvu, sem flugrekendur geta síðan kallað fram og séð og tekið síðan ákvarðanir út frá því, hvort þeir fljúga á staðinn eða ekki. Síðan sendum við veður á klukkutíma fresti. Flugrekendur hafa samband við okkur þess á milli ef veður er tvísýnt, fært aðra mínútuna en ófært hina. Þá verða menn að vega og meta hvort eigi að leggja af stað. Þeir taka sínar ákvarðanir út frá þeirri veðurlýsingu sem við gefum, en flugi er ekki stjórnað héðan, heldur úr Reykjavík.“

Stundum þarf að „púlla upp“

„Flugumferðarstjórar í Reykjavík gefa flugmönnum flugheimildir, og gefi þeir flugheimild til Ísafjarðar, þá er það ákveðin rútína að fljúga hingað. Þegar vélarnar eru komnar að því að lækka flugið, þá gefa flugumferðarstjórarnir vélunum heimild út úr flugstjórnarrými. Við tökum þá við og gefum flugmönnunum upp veðurlýsingu og eftir það erum við í sambandi við þá, en þeir eru samt á flugheimild að sunnan þangað til þeir ljúka svokölluðu blindflugi. Það eru þrír radíóvitar í Djúpinu – á Arnarnesi, í Ögri og í Reykjanesi, og í Ögri eru auk þess flugleiðsögutæki. Það er ákveðinn geisli sem vélarnar fljúga inn á og verða að vera í ákveðinni stefnu og þá eru þær ennþá í svokölluðu blindflugi. Sá geisli nær alveg út Djúpið, og ef þeir fara ekki að sjá þegar þeir eru komnir á vissan punkt í 500 feta hæð yfir Djúpinu hérna út af miðjum firðinum, þá verða þeir að „púlla upp“ aftur og snúa frá.“

Alltaf á ábyrgð flugstjórans

„En oftar en ekki ná þeir að ljúka blindflugi yfir Reykjanesi eða við Ögur og fljúga sjónflug eftir það og eru þá ekki háðir neinum ákveðnum leiðum eða geislum. Á smærri völlum eins og hér þar sem eru flugradíómenn er það alltaf á ábyrgð flugstjórans hvort hann lendir eða ekki eða hvað hann gerir, að sjálfsögðu út frá lýsingu flugradíómannsins. Þetta skýrir, að stundum í björtu og góðu veðri geta þeir „brotið af“ og stundum koma þeir niður Engidalinn og þá hafa þeir lokið blindflugi, jafnvel einhvers staðar á miðri leið. Og þegar bjart er og gott veður, þá leyfa þeir sér stundum að sýna fólki eitthvað meira en bara Ísafjarðardjúp.“

– Stundum geta verið hér á ferð tvær eða þrjár vélar á svipuðum tíma. Hvert er ykkar hlutverk þá?

„Þá er venjulega einni vél gefin heimild út úr flugstjórnarrými í átt til Ísafjarðar í blindflugi, og þegar hún er komin niður í vissa hæð er næstu vél gefið leyfi áfram í annarri hæð og þá alltaf fyrir ofan. Þegar ein vél er að koma hér út Djúpið í blindflugi, ef til vill í hríðarveðri, þá getur önnur vél verið sveimandi yfir Reykjanesi eða Ögri í ákveðinni hæð. Og eins ef það eru tvær-þrjár vélar hér á vellinum og bíða eftir því að komast í burtu og vél er á leiðinni, þá mega þær sem á vellinum eru ekki fara í loftið fyrr en sú sem er að koma hefur lokið blindflugi, ef hún er komin að Reykjanesskóla eða nær.“

Ekki mikið streitustarf

– Er þetta mikið streitustarf?

„Nei, ekki svo mjög. Samt eru vissir álagspunktar, sérstaklega þegar tvær eða fleiri vélar eru á leiðinni hingað, kannski í misjöfnu veðri, og jafnframt vélar sem bíða á vellinum eftir að komast í burtu. Þetta gerist helst þegar ekki hefur verið hægt að fljúga hingað í nokkra daga, og síðan kemur veður þegar hægt er að fljúga en er samt ekki allt of gott. Þá reyna allir að koma á sama tíma og jafnframt er þá líka mikið hringt hingað. Þetta eru einu tilvikin sem hægt er að segja að einhver spenna myndist.“

– Nú er væntanlega ekki ætlast til þess að hringt sé í ykkur til að athuga hvort það sé flogið og þá hvenær. Er eitthvað um að það sé gert?

„Það er að vísu gert, en þó ekki í svo miklum mæli að það sé neinn umtalsverður ófriður að því. Og ef það er gert á álagstíma, þá vísum við því bara frá.“

Heiðar Birnir Torleifs knattspyrnuþjálfari hjá Tindastóli skrifar

Samvinna aðila gegn fíkniefnum

Síðustu ár hefur mikill uppgangur orðið í forvörnum. Hvert sem litið er, eru einstaklingar eða hópar að halda uppákomur, gefa út blöð eða aðhafast eitthvað sem tengist málefninu. Samt sem áður hefur ástandið sjaldan eða aldrei verið verra og ástæðan er að aldur þeirra sem neyta áfengis fer sífellt lækkandi og sömuleyðis hvað varðar fíkniefnaneysluna. Hvað er til ráða? Er eitthvað hægt að gera?

Það hefur lengi verið talið að íþróttir væru til hagsbóta þ.e. að þeir krakkar sem stunda íþróttir séu mun ólíklegri til að leiðast út í vímuefni. Og ástæðan er sú að í íþróttum læra þau aga og lífsviðhorf sem vonandi endist þeim fram eftir ævinni. Engu að síður er mikið brotthvarf úr íþróttum og geta ástæðurnar verið margar s.s. pressa, einelti, þjálfarinn og íþróttin sjálf svo fá dæmi séu tekin.

Síðast þegar ég vissi var það knattspyrnan sem bar höfuð og herðar yfir aðrar íþróttagreinar á Ísafirði. Samt sem áður hefur aðstaðan fyrir knattspyrnumenn ekki verið viðundandi. Eins og ég hef sagt áður, þá finnst mér ofurlítið skrýtið, sé litið til þess hvað fótboltinn nær til margra barna og unglinga og getur unnið mikið forvarnarstarf, að greinin hafi ekki fengið þann starfsgrundvöll sem til þarf. Af því er ég best veit, hefur Boltafélagið gert kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdalok á Torfnesi og líst mér satt best að segja mjög vel á allt sem þar býr að baki. Ég þykist einnig vita að hugmyndin muni hljóta góðan hljómgrunn því Boltafélagið hefur, að því er ég best veit, unnið heimavinnu sína það vel að kostnaðurinn við framkvæmdalokin verður ekki til þess að menn dreymi illa á nóttinni. Tek ég þar með ofan fyrir því fólki sem hefur tekið málin í sínar hendur.

Það segir sig sjálft að bætt aðstaða léttir lífið, bæði fyrir iðkendur og þjálfara og nýtist útiaðstaðan ekki síður yfir veturinn. Því hef ég kynnst hjá mínu nýja félagi. Þar nýtist útiaðstaðan til móts við inniaðstöðuna á veturna og þá með fullkominni lýsingu og mokstri. Með líkri aðstöðu á Ísafirði yrði leiðinlegt vandamál úr sögunni, þ.e. tímafjöldinn í íþróttahúsinu.

Þó svo að ég hafi alltaf verið á þeirri skoðun að á meðan félögin sameinast ekki eða að knattspyrnan fái ekki betri útiaðstöðu, þá á íþróttin að fá fleiri tíma en hinar íþróttagreinarnar, einfaldlega vegna þess að knattspyrnuiðkendur eru fjölmennastir. Enginn má misskilja mín orð svo að ég telji að aðstaðan bæti allt. Hún er aðeins liður í því ferli. Til að mynda tjáði þjálfari þriðja besta tugþrautarmanns heims mér um daginn að þegar þeir væru að æfa hámarkshraða, færu þeir oft upp í bæjarbrekkuna í bænum og æfðu þar. Því segir aðstaðan ekki allt í árangri íþróttamanna þó svo að hún sé eins og áður sagði, mjög mikilvæg.

Eins og ég gat um fyrst í þessari grein, virðist sem mikill áhugi sé á forvörnum hjá hinum ýmsu aðilum. Því miður læðist að mér sá grunur að áhuginn sé ekki endilega metnaður fyrir forvörnum sem slíkum. Mér finnst sú þróun vera að eiga sér stað að forvarnir séu orðnar nokkuð mikill ,,bisness”. Ástæðan fyrir þeim grun mínum er sú að allir virðast vera að pukra í sínu horni og þar af leiðandi að taka peninga hver frá öðrum. Það hefur verið draumur minn síðan ég byrjaði að hugsa verulega um þessi mál að allir aðilar sem standa fyrir forvörnum að einhverju leyti, sameinist í eina sæng og vinni eftir einni forvarnarstefnu. Má þar nefna að íþróttafélögin, félagsmiðstöðin, skólinn, Jafningjafræðslan, Vá Vesthópurinn og allir þeir aðrir sem vinna að forvörnum í Ísafjarðarbæ, tækju saman höndum og ynnu eftir einni forvarnastefnu. Það er mín sannfæring að með samvinnu þessara aðila megi vinna bug á hinum mjög svo mikla ógnvaldi sem fíkniefnin eru.

Öflug hreyfing getur komið miklu í verk og myndi væntanlega hafa þá fjármuni sem til þarf. Mikið starf er óunnið í Ísafjarðarbæ í þessum málum og því er það trú mín að sameinaðir kraftar myndu skila árangri á skömmum tíma. Það er einmitt það sem ég er að vinna að þessa stundina með nokkrum aðilum hér á Sauðárkróki

En aftur að brotthvarfinu úr íþróttunum. Ég lét einhvern tímann hafa það eftir mér að ef börn og unglingar héldust ekki í íþróttum verum það við sem stöndum að þeim, sem ekki hefðum unnið okkar vinnu. Engu að síður er það mín trú að með samvinnu íþróttafélaga væri hægt að gera mikið átak í þessum málum. T.d. væri hægt að bæta hreyfiþroskann mikið auk þess sem börnin myndu fá meiri yfirsýn yfir íþróttaflóruna og gætu þar af leiðandi, vonandi flest, fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ég vil taka það fram af fyrri reynslu að ég er alls ekki að deila á einn eða neinn eða setja mig á háan hest og halda því fram að mín rök séu rétta svarið. Heldur er þetta mín persónulega sannfæring varðandi þessi mál. Og það er í þessu eins og öðru að þar er enginn einn sannleikur og ekkert eitt rétt. Að lokum bið ég að heilsa öllum BÍkrökkum og aðstandendum þeirra og óska þeim velfarnaðar í vetur sem og alltaf. Með von um að sjá sem flesta á Króksmóti í sumar.

Heiðar Birnir Torleifs, knattspyrnuþjálfari hjá UMFT, starfsmaður Friðar og formaður Jafningjafræðslu FNV.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Finnur Magnússon í framkvæmdanefnd Veturnátta

Nóg um að vera

Hvernig hafa Veturnætur farið af stað?

Að flestu leyti mjög vel, fyrir utan að á föstudag og laugardag var ekki mikið af fólki við þau atriði sem voru utanhúss, enda munu líklega fæstir hafa búist við því að dansað yrði á Silfurtorgi í öllum þessum snjó. En í staðinn var bara dansað á auða blettinum fyrir framan Stjórnsýsluhúsið. Á sama hátt var ekki margt á kompudeginum á Silfurtorgi á laugardag. Fyrir utan snjóinn og veðrið var líka verið að jarðsyngja tvo kunna Ísfirðinga þann dag og slíkt hefur sitt að segja.

Söngskemmtun Léttsveitar Kvennakórs Reykjavíkur og Kvennakórs Bolungarvíkur í Ísafjarðarkirkju á föstudagskvöldið tókst mjög vel og það var næstum því full kirkja. Minningartónleikarnir um Sigríði og Ragnar H. Ragnar sem áttu að vera á laugardaginn féllu niður vegna veikinda tveggja flytjenda og líklega verða þeir ekki haldnir fyrr en eftir áramót. Aftur á móti var troðfullt í Íþróttahúsinu í mjög vel heppnaðri afmælisveislu Tónlistarskóla Ísafjarðar á sunnudaginn. Í heildina hefur því tekist vel það sem af er.

Og mikið eftir...

Já, það er nóg eftir. Það er einhver dagskrá á hverjum degi fram á laugardag, þar á meðal margvíslegir tónleikar í Stjórnsýsluhúsinu, t.d. barna- og unglingakórar, harmóníkuleikur, hornaþytur og djass. Á miðvikudagskvöld [í kvöld] verður málþing um hafið á Hótel Ísafirði og á föstudagskvöldið verða mjög fjölbreyttir stórtónleikar í Ísafjarðarkirkju, þar sem flutt verður tónlist eftir vestfirsk tónskáld. Þessir tónleikar mega heita toppurinn á Veturnóttum í ár. Hliðstæðir tónleikar í fyrra tókust mjög vel. Við fylltum kirkjuna þá og vonandi endurtekur það sig núna. Hér er ekki nærri allt talið, þannig að það er nóg um að vera á Ísafirði þessa vikuna.

Í Bæjarins besta í síðustu viku birtist ofur sakleysisleg smáauglýsing, svohljóðandi: Takið eftir! Margt til sölu á lágu verði. Uppl. að Pollgötu 4. Ásthildur.

Að Pollgötu 4 á Ísafirði búa hjónin Ásthildur Gestsdóttir og Haraldur Ísaksen ásamt börnum sínum. Ekki stóð til að þau færu að efna til neinnar sölu á heimili sínu og auglýsing þessi kom algerlega flatt upp á þau.

Auglýsingin barst þannig, að kona hringdi í blaðið og auglýsingin var tekin niður gegnum síma, rétt eins og venjan er. Þá sem hafa unnið við vikublöðin á Ísafirði síðustu tíu-fimmtán árin rekur ekki minni til þess, að ekki hafi verið í besta lagi að taka niður smáauglýsingar gegnum síma án þess að kanna málið frekar eða spyrja þann sem hringir að nafni, hvað þá að sannreyna enn frekar hver það er sem hringir. Þess vegna vara menn sig ekki á svona löguðu. Ekki er nokkur leið að komast til botns í því, hvaða kona hringdi inn umrædda auglýsingu. Hins vegar hafa menn ákveðnar grunsemdir um það.

Ofsóknir

– skuggaleg saga hjónanna Ásthildar Gestsdót

Ásthildur Gestsdóttir er fædd og uppalin á Ísafirði og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir um áratug. Hún fór síðan suður og nam hjúkrunarfræði og starfaði þar eftir það um árabil. Þau Haraldur kynntust og hófu sambúð árið 1993. Fyrir rúmu ári fluttust þau hingað vestur á heimaslóðir Ásthildar, þar sem hún fór að vinna sem hjúkrunarfræðingur á Fjórðungssjúkrahúsinu.

„Fréttin“ á Stöð 2

Það vakti mikla athygli í sumar, þegar Stöð 2 birti „frétt“ og sjónvarpsviðtal við konu á Ísafirði, sem hafði ófagra sögu að segja af framferði lögreglunnar á Ísafirði. Forsagan var sú, að forseta Íslands og forsætisráðherra bárust hótunarbréf, póstlögð á Ísafirði, um að þeir yrðu myrtir, ef sýslumanninum á Ísafirði yrði ekki vikið úr starfi. Undir hótanirnar voru rituð nöfn þeirra Ásthildar og Haralds ásamt heimilisfangi þeirra. Umrædd kona var grunuð um að hafa ritað og sent umrædd bréf og var hún tekin til yfirheyrslu þess vegna. Í kjölfar þess sakaði hún lögregluna um harðræði við sig.

Einnig vakti nokkra athygli uppákoma í Framhaldsskóla Vestfjarða í síðasta mánuði, þegar þessi sama kona, sem stundaði þar nám, festi upp í votta viðurvist auglýsingar í skólanum með grófum svívirðingum um Ásthildi, eins og fram kom í fréttum.

Saga þessi er allmiklu lengri og viðameiri. Að vandlega athuguðu máli og í samráði við sína nánustu ákváðu þau Ásthildur og Haraldur að leita til blaðsins og fá að rekja hér sögu sína. Hún er reyndar meira og minna á almannavitorði hér vestra, en þau vilja leitast við að hreinsa andrúmsloftið með því að koma fram og segja sögu sína opinberlega. „Við viljum að það fari eitthvað að gerast í þessu máli. Við höfum setið mjög á okkur. Okkur langar alls ekki til að vera í umræðunni með þessum hætti.“

Skólafélagar í Kópavogi

Þau Haraldur og umrædd kona eru jafnaldrar og voru skólafélagar í Kópavogi á sínum tíma. Að sögn Haralds og Ásthildar festi stúlkan augastað á honum og leitaði eftir nánari kynnum. Þau „voru saman“ eina nótt en síðan aldrei framar. Stúlkan lagði Harald hreinlega í einelti, en hann vildi sem minnst af henni vita. Hún var stöðugt á vakki fyrir utan húsið þar sem hann átti heima og vaktaði hann og hringdi stundum mörgum sinnum á sólarhring. Þegar móðir hans sagði að hann væri ekki heima, þá sagði hún að hann væri það víst, hún hefði séð hann fara inn. Þetta var fyrir um áratug, en svo hætti þetta.

Ófriðurinn byrjaði aftur fyrir þremur árum

Nú hefur Ásthildur orðið: „Síðan heyrist ekkert frá henni fyrr en hún hringir í mig haustið 1995. Þá var ég á heimili okkar fyrir sunnan með dóttur okkar vikugamla. Hún kynnir sig og spyr hvort ég sé konan hans Haralds. Ég kveð svo vera, og þá segist hún bara ætla að láta mig vita hvers konar skíthæl ég væri gift. Hún sagði að hann héldi við sig og héldi framhjá mér með henni. Þetta kom alveg flatt upp á mig, ég hafði aldrei heyrt þessa manneskju nefnda. Þegar ég fór eitthvað að malda í móinn sagði hún að ég væri bara kjáni. Þetta samband þeirra væri búið að standa yfir í nokkur ár og hún hefði verið viðhaldið hans allan þann tíma. Þetta samtal varð ekki mjög langt og það endaði með því að ég skellti á.“

Svæsnar lýsingar

„Svo líða eitthvað um einn eða tveir mánuðir þangað til hún hringir næst, og þannig gengur það í tvö ár með hringingum öðru hverju. Það leið að vísu misjafnlega langt á milli, en alltaf var hún að segja að hann héldi við hana og síðan komu sömu svívirðingarnar og hótanirnar. Eitt sinn sagði hún að hann væri á leið í fangelsi. Hún sagðist ætla að kæra hann fyrir eitthvað, en ég vissi aldrei hvað það átti að vera, og það varð ekkert meira úr því.

En aðallega voru þetta mjög svæsnar lýsingar á athöfnum þeirra saman og það er alls ekki hægt að hafa þær eftir hér. Það áttu að vera athafnir sem hljóta að teljast í hæsta máta óeðlilegar. "

Skipti um nafn

„Hún er nú búin að breyta um nafn síðan og ber nú annað nafn í þjóðskrá. Það virðist allt vera hægt. En öll þessi viðleitni hennar beindist gagngert að því að eyðileggja hjónaband okkar. Það var greinilega hennar takmark. Þetta var búið að ganga um tvö ár þegar við fluttumst hingað vestur í fyrrahaust. Það var í ágúst og við erum ekki búin að búa í viku hér í Pollgötunni, þegar hún hringir og spyr mig hvort ég viti hvar Hnífsdalur sé. Ég sagðist ekkert hafa við hana að tala og skellti á. Um tveimur vikum síðar svaraði Haraldur símanum og þá sagðist hún vera nær honum en hann gruni. Við fórum þá að spá í hvort það gæti virkilega verið að hún væri komin vestur og fengum okkur númerabirti og vorum hálfpartinn að bíða eftir að hún hringdi oftar, svo að við sæjum hvaðan hún hringdi.“

Ruddist inn og réðst á Ásthildi

„En hún hringdi ekki, heldur kom. Hún bankaði upp á hjá mér í október í fyrra. Ég var nývöknuð eftir næturvakt, opnaði og sá þar einhverja konu sem ég þekkti ekkert. Ég hafði aldrei séð hana og vissi ekki hvernig hún leit út. Hún ruddist umsvifalaust inn

og einelti

ttur og Haralds Ísaksen á Ísafirði

til mín með svívirðingum og látum og lagði á mig hendur. Hún sagðist vera orðin þreytt á Haraldi, hann væri alltaf að flækjast fyrir sér og hefði síðast sofið hjá sér kvöldið áður. Og síðan fylgdu lýsingarnar á því hvað þau hefðu verið að gera og hvernig, því að hann fengi ekki að gera slíka hluti með mér eins og hann gerði með henni. Það snerist allt um þetta. Ég bað hana að fara út úr íbúðinni, en hún gerði það ekki. Ég náði að hringja í Guðna stjúpföður minn, en hún hélt að ég væri að hringja í Harald. Þetta var eins og í bíómyndunum. Það eina sem ég gat sagt við Guðna var: Komdu og hjálpaðu mér. Guðni áttaði sig strax og var kominn eftir örstutta stund og með lögregluna með sér.“

Komin vestur

„Þar með var þetta byrjað hér. Það kom í ljós að hún var flutt hingað vestur og hafði fengið íbúð hjá bænum á Árvöllum í Hnífsdal. Þeir hjá bænum vissu náttúrlega ekkert hvers konar manneskja þetta var. Ég kærði hana þá fyrir að ryðjast inn á heimilið og fyrir líkamsárásina. Henni var sleppt eftir yfirheyrslu en var beðin um að láta okkur í friði og lögreglan fylgdist með henni. Þetta var í fyrsta skipti sem ég gat kært hana, því að símtölin öll voru bara mín orð á móti hennar. Ég gat ekkert sannað þau. Svo birtist hún næst við íbúðina heima hjá mér í desember. Ég var stödd frammi á gangi og hún spurði bara: Ætlar þú eitthvað að tala við mig? Ég sagðist ekkert hafa við hana að tala og fór inn og lokaði. Þá fór hún út á lögreglustöð og sagði að einhver hefði sagt sér að ég vildi tala við hana.“

Ranghugmyndir

„Þetta eru einhverjar furðulegar ranghugmyndir. Hún virðist lifa í einhverjum slíkum heimi. Næst hringdi hún ekki fyrr en í apríl. Annars var ég sífellt að mæta henni á götu og hún brosti bara. Nema hvað hún veittist einu sinni að okkur í Hamraborg, þar sem við Haraldur vorum bæði, og hún sagði honum að láta sig í friði, hún væri alveg búin að fá nóg af honum.

Í apríl hringdi hún í lögregluna og kvartaði yfir heimiliserjum heima hjá okkur og sagði að það væri allt að verða vitlaust á heimilinu. Hún hringdi líka í tengdaforeldra mína og sagði þeim að við værum sífellt að fara í hár saman. Og um kvöldið hringdi hún heim til okkar til þess að athuga hvort það væri ekki allt í lagi með Harald. Hún vildi meina að ég væri hreinlega að ganga frá honum. Þetta var allt á sama deginum.“

Morðhótanirnar

„Svo voru það morðhótanirnar gagnvart forseta Íslands og forsætisráðherra. Ég var tekin í yfirheyrslu út af þeim, því að þær voru skrifaðar í okkar nafni. Þessar hótanir fólust í því, að Ólafur Ragnar og Davíð yrðu drepnir ef sýslumanni hér og tilteknum lögreglumönnum yrði ekki vikið úr starfi. Undir þetta voru nöfn okkar beggja rituð og fullt heimilsfang. Grunurinn beindist strax að henni. Ég spurði lögregluna hvort það væri venja hjá fólki að skrifa nöfnin sín og heimilisföng undir morðhótanir. Þetta mál er flutt fyrir sunnan, af því að embættið hér telst vanhæft til þess.

Hún kom svo fram á Stöð 2 og lýsti yfir sakleysi sínu og sakaði lögregluna hér um harðræði. Fólk hér í bæ og annars staðar sem ekkert þekkti til málavaxta fann auðvitað til með þessari vesalings konu. Stöð 2 gleypti við sögu hennar án þess að kanna bakgrunn hennar hið minnsta. Ef þeir hefðu gert það, þá hefðu þeir tæplega birt þessa frétt með þeim hætti sem gert var. Þeir hefðu ekki þurft að leita lengi. Þeir töluðu til dæmis aldrei við okkur.“

„Ódýrasta hóran í bænum “

„Síðan auglýsti hún uppi í Framhaldsskóla núna í september. Auglýsingin var nokkurn veginn á þessa leið: Takið eftir! Ódýrasta hóran í bænum býr á Pollgötu 4. Fimm hundruð krónur drátturinn. Og nafnið mitt undir. Krakkarnir í skólanum sáu hana búa auglýsinguna til í tölvu í skólanum og sáu hana hengja hana upp og sögðu að hún hefði bara hlegið þegar hún var að því. Hún setti auglýsinguna upp á nokkrum stöðum í skólanum og þegar krakkarnir rifu hana niður, þá setti hún aðrar í staðinn. Það var hringt í mig í vinnuna og ég hringdi í lögregluna og þeir fóru upp eftir. Að þessu voru næg vitni.

Það allra nýjasta er smáauglýsingin hér í blaðinu í síðustu viku, þótt engin leið sé að sanna hver stóð á bak við hana. Hún er reyndar smámunir hjá öllu hinu.“

Hvað gerist næst?

„Spurningin sem leitar stöðugt á okkur er þessi: Hvað gerir hún næst? Fyrst var markmiðið að eyðileggja hjónaband okkar. Það hefur ekki gengið, og þá reynir hún að eyðileggja mannorð okkar. Og hvenær gerir hún eitthvað ennþá alvarlegra sem ekki verður hægt að bæta? Það er ljóst að manneskjan er langt frá því að vera heilbrigð. Hvenær verða ranghugmyndirnar slíkar, að hún verði hreinlega að losa sig við mig fyrir fullt og allt? Maður er hræddur um allt. Maður er hræddur um börnin, hræddur um sjálfan sig og hræddur um allt í kringum okkur. Ég leyfi mér að halda því fram, að hún lifi fyrir það að eyðileggja okkur. Hún lifir í því, hvað hún eigi að gera næst. Þetta er allt úthugsað. Svo eru allar kærurnar til barnaverndaryfirvalda. Hún hefur sent þær suður til Barnaverndarstofu og kært okkur fyrir harðræði og misnotkun á börnunum og að við séum vanhæf sem foreldrar.“

Málið í vinnslu og ekkert gerist

„Maður hefur alltaf verið að bíða hvort ekki verði eitthvað gert, hvort hún verði ekki tekin og henni komið undir læknishendur. Maður hefur alltaf verið að bíða hvort það sé ekki hægt að stöðva þetta. Alltaf sagt að málið sé í vinnslu, en það gerist ekki neitt. Við fáum heldur engin svör við því hvort eitthvað sé í raun hægt að gera. Það gerist hreinlega ekki neitt. Ástandið í fjölbýlishúsinu inni í Múlalandi þar sem hún býr núna snertir okkur að vísu ekki, en maður myndi halda að það væri búið að kippa einhverjum öðrum úr umferð, eftir það sem þar hefur gengið á og gerir enn. Það er alveg ótrúlegt hvernig þetta kerfi er. Ég hreinlega skil það ekki.“

Stöðugt að færa sig upp á skaftið

„Það liggur alveg ljóst fyrir, að þessi kona kom hingað vestur gagngert til að elta okkur. Hún á ekkert hérna, ekkert skyldfólk og ekki að neinu hér að hverfa. Hún sagði beint út við mig: Heldurðu að þú getir flúið út á land með hann? Heldurðu að þú losnir eitthvað við mig svoleiðis? Það var eins og við hefðum flutt hingað gagngert til að losna við hana. Hún er alltaf að færa sig meira og meira upp á skaftið. Þetta voru þó bara símtöl fyrir sunnan en hér er hún að gera sífellt fleira og meira. Þetta kemur manni alltaf jafnmikið á óvart, því að þetta eru hlutir sem maður héldi að engum dytti í hug að gera. Þetta virðist vera eitthvert sambland af geðveiki og mannvonsku. Þess vegna er það alveg óútreiknanlegt hvað kann að gerast næst.“

Ómetanlegur stuðningur

„Lögreglan hér hefur reynst okkur mjög vel og við höfum ekkert yfir því að kvarta, en það er takmarkað hvað hún getur gert. Kerfið er svo hræðilega hægvirkt. Og stuðningur allra hér í bænum hefur verið alveg ótrúlegur og hjálpað okkur mikið og stappað í mann stálinu. Ég held að fólk hafi hreinlega aldrei kynnst svona löguðu. Þetta er svo einstakt, sem betur fer“, segir Ásthildur Gestsdóttir.

Auglýsingar og áskrift sími 456 4560

Persónuvernd

Umræðan um miðlægan gagnagrunn heldur áfram. Það er gott. Lágmarkið í öllum deilum er að ræða ágreiningsefnin. Frumvarpið um að afhenda einkafyrirtækinu Íslenskri Erfðagreiningu einkaleyfi á öllum upplýsingum úr öllum sjúkraskrám Íslendinga er stór varasöm. Slíkt á alls ekki að gera. Sjúkraskrár geyma viðkvæmar persónulegar upplýsingar um fólk. Í mörgum tilfellum þær allra viðkvæmustu, um læknisaðgerðir, sem óhjákvæmilega hljóta að teljast algert einkamál viðkomandi eða um feimnismálið mikla, sem eru geðrænir kvillar. Því miður eru miklir fordómar ríkjandi í garð þeirra sem þjást af geðsjúkdómum. Virðist þar engu skipta þótt ótrúlega stór hópur eigi við geðkvilla eða –sjúkóma að stríða einhvern tíma ævinnar.

Trúnaðartraust milli læknis og sjúklings er eitt út af fyrir sig nauðsynlegur þáttur í lækningu sjúkdóma. Ef minnsti vafi er á því með hvaða hætti meðferð upplýsinganna er háttað er vegið að þessu trúnaðarsambandi. Auk þess eru það mannréttindi að fá að láta persónuleg málefni liggja í láginni. Fólk á rétt á því að einkamál þeirra séu látin kyrr liggja. Þar gilda sömu sjónarmið og búa að baki friðhelgis einkalífs í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er að vísu undantekning, að skerða megi friðhelgi einkalífs manna ef brýna nauðsyn ber til. En venjulega hefur þar verið litið til þess, að um sé að ræða skerðingu vegna rannsóknar á refsiverðum brotum. Langt væri seilst til, að líta svo á rannsóknarhagsmunir einstakra fyrirtækja í því skyni að leita orsaka sjúkdóma féllu hér undir. En sú hugmynd væri þó óneitanlega athyglisverð.

Alþjóðlegir sáttmálar

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, nánar tiltekið í 25. grein hennar, eru ákvæði sem eru enn ákveðnari í þessa veruna. Þar meðal annars tekið fram um læknishjálp og aðstoð í veikindum. Mannréttindasáttmáli Evrópu mælir fyrir um friðhelgi einkalífs í 8. grein hans. Er nokkur viti borinn maður í vafa um þá staðreynd að flest ef ekki öll þau atriði sem fram kunna að koma í sjúkraskrám falli undir ákvæði mannréttindasáttmálans, mannréttindayfirlýsingarinnar og stjórnarskráinnar?

Því verður hver að svara fyrir sig. En friðhelgi einkalífs verður ekki tryggt ef viðkvæmar persónulegar upplýsingar fara út fyrir þann ramma, sem trúnaðarsamband læknis og sjúkling skapar. Dytti nokkrum manni í hug að færa upplýsingar, sem fram kæmu í trúnaðarsamtali verjanda sakaðs manns og hinn sakaða eða ákærða, inn á miðlægan gagnagrunn, þótt yfirlýst markmið væri annað tveggja, að rannsaka framburð sakaðra manna eða viðbrögð lögmanna, sem tækju að sér vörn? Engum dytti þetta í hug, jafnvel þótt unnið væri að rannsókn ástæðu þess að menn fremdu glæpi, eða því hvernig lögmenn færu að því að lifa með óþægilegum upplýsingum frá forhertum glæpamönnum.

Auðvitað benda menn á þá staðreynd að þarna sé alls ekki sami hluturinn á ferð. En grunnhugsunin er sú sama, að sumt í fari manna, hugsun eða líkamskvillum, sem læknast, sé einfaldlega prívatmál þeirra. Maður sem leitar til geðlæknis eða klínísks sálfræðings á að geta treyst því, að það sem fer milli hans og læknisins eða sálfræðingsins sé einkamál og ekki öðrum ætlað, nema með hans samþykki. Hér er komið að kjarna málsins hvorki meira né minna.

Upplýst samþykki!

En það eru önnur sjónarmið í málinu. Fyrst og fremst sjónarmið doktor Kára Stefánssonar, sem bæði forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra hafa greinilega fallist á. En margir eru þeim ósammála. Í stuttu máli eru þau viðhorf á þá lund, að einstakt tækifæri sé fólgið í miðlægum gagnagrunni, bæði frá vísindalegu sjónarmiði og reyndar einnig fjárhagslegu. Því til viðbótar hefur Davíð Oddsson forsætisráðherra einnig bent á þá staðreynd, að ekki hafi of vel verið farið með trúnaðarupplýsingar úr sjúkraskrám. Auk þess liggi upplýsingar um lífssýni víða. Því miður virðist hann hafa eitthvað til síns máls. En það réttlætir ekki miðlægan gagnabanka með öðrum hætti en þeim að ávallt þurfi að liggja fyrir samþykki viðkomandi sjúklings eða einstaklings. Sjúklingar eru sem betur fer oft aðeins sjúkir um skamma hríð og ná svo heilbrigði á ný.

Skriflegt samþykki er algert skilyrði. En auk þess þarf að ganga úr skugga um að viðkomandi geri sér fulla grein fyrir því hvað hann er að samþykkja. Skylda verður rekstraraðila hins miðlæga gagnabanka til að gera viðkomandi einstaklingi grein fyrir því hvernig upplýsingar verði notaðar og hverjir fái aðgang að þeim. Auk þess verður að tryggja að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til viðkomandi. En um þetta atriði greinir sérfræðingana. Skóladrengir vestur í Bandaríkjunum hafa sannanlega geta brotist inn í tölvuskrár virtra banka. Það átti að sjálfsögðu ekki að vera mögulegt. Ekkert tölvukerfi er öruggt.

Einmitt þess vegna er brýnt að gera mjög strangar kröfur ef látið verður undan þrýstingi Íslenskrar Erfðagreiningar, sem allt útlit er fyrir. Það er umhugsunarefni hve léttvæg persónuverndin er fundin. Upplýst samþykki er algert skilyrði fyrir tilvist slíks miðlægs gagnagrunns.

Hitt er svo annað mál hvort taka þarf til hendinni á sjúkrastofnunum vegna meintra brota þeirra á leynd sjúkraskráa. Það er fagnaðarefni að stofnuð skuli hafa verið samtök til að vernda persónuhagsmuni.

Stakkur

STUTTAR FRÉTTIR

Augnlæknir á ferð

Augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 30. nóvember til 4. desember nk.

Tímapantanir hefjast 2. nóvember í síma Heilsugæslustöðvarinnar 450 4511 en þar er opið alla virka daga frá kl. 8-16.

Söngleikir í skólanum

Á laugardag kl. 15:30 verður haldin söngskemmtun í sal Grunnskólans á Ísafirði. Á skemmtuninni sem er á vegum Tónlistarskóla Ísafjarðar, munu sópransöngkonan Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Gerrit Schuil píanóleikari flytja lög úr söngleikjum, kvikmyndum og leikritum.

Má þar nefna Showboat, Söngvaseið, Cabaret, Chorus Line, Galdrakarlinn í OZ auk laga úr Silfurtúnglinu, Ofvitanum og fleiri leikritum. Miðaverð á skemmtunina er kr. 1.000.

Samvinna

Knattspyrnuráð UMFB í Bolungarvík og stjórn Knattspyrnufélagsins Ernis á Ísafirði hafa gert með sér samning um sameiginlegan meistaraflokk félaganna í knattspyrnu. Ekki er um sameiningu félaganna sjálfra að ræða. Tilgangurinn er að ná betri árangri, spara fjármuni og efla áhuga á knattspyrnunni. Samningurinn var kynntur félagsmönnum á almennum fundi sl. laugardag og samþykktur þar.

Ólöf sýnir

Leirlistakonan Ólöf Erla Oddsdóttir á Suðureyri sýnir um þessar mundir verk sín í Edinborg á Ísafirði. Sýningin er hluti af menningardögunum Veturnóttum og verður opin dag hvern kl. 13 til 18 fram til 8. nóvember.

Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður Vestfirðinga skrifar

10 milljarða óþarfa herkostnaður

Fjölmargar góðar hugmyndir og ábendingar komu fram á ráðstefnunni „Er vit í byggðastefnu", sem sjálfstæðisfélögin í Ísafjarðarbæ efndu til á laugardaginn var. Málþingið var vel sótt og umræður voru málefnalegar.

Það er ekki að undra að fólk vilji leggja sitt af mörkunum til byggðaumræðunnar. Byggðamálin eru eitthvert mest knýjandi verkefni sem við okkur blasir í landinu. Það er vitaskuld grafalvarleg staðreynd að stöðugt hallar á ógæfuhliðina og að fólki á landsbyggðinni fækkar á meðan að því fjölgar á höfuðborgarsvæðinu. Það er líka ljóst að málið er mun flóknara viðfangs nú, en það var fyrir fáeinum árum síðan. Gömlu ráðin duga ekki lengur. Við verðum að reyna að leita nýrra lausna, enda hefur þjóðfélagið tekið slíkum breytinum að það kallar beinlínis á nýjar lausnir.

Því er að vísu oft haldið fram að byggðaþróunin á undanförnum árum sé alls ekki óæskileg. Menn eigi ekki að reyna að hafa áhrif á það sem sé afleiðing nútímalegra lífshátta, að menn vilji fremur búa í þéttbýlinu fyrir sunnan. Þetta er hins vegar mikill misskilningur, eins og sýnt var fram á á ráðstefnunni. Hugur fólks stendur til þess að búa úti á landi, ef það á þess kost. Það eru tilbúnar aðstæður, sem meðal annars stafa af aðgerðum hins opinbera sem neyða fólk oft til þess að flytja suður.

Einar K. Guðfinnsson.

Er það kannski hagkvæmara að allir flytji suður?

Þegar byggðamálin eru rædd, þarf líka að leita svara við því hvort það kunni ef til vill að vera þjóðhagslega hagkvæmt að fólkið leiti suður á höfuðborgarsvæðið til búsetu. Hvort það geti verið þjóðfélaginu ódýrara að þannig sé málum stillt upp. Hvort það leiði ef til vill til þess að það sé hagkvæmara að reka þjóðfélagið og leiði því til bættra lífskjara að byggðirnar fari í eyði úti á landi og að fólk hnappist á Faxaflóasvæðið.

Svarið við spurningum af þessu tagi er skýrt. Við vitum það núna að það er afar óhagkvæmt þjóðhagslega að slík þróun eigi sér stað. Það er dýrara fyrir þjóðfélagið að menn yfirgefi sveitarfélögin, og haldi suður, eins og það er kallað. Þetta hefur líka verið svar stjórnvalda. Í tillögu til þingsályktunar um byggðamál, sem forsætisráðherra lagði fyrir Alþingi sl. vor og verður endurflutt á næstunni og afgreidd núna í haust, er afgerandi stuðningur við þá stefnu, að snúa byggðaþróuninni við. Það er ástæða til þess að binda vonir við þessa áætlun, því að hún byggir á bestu fáanlegu upplýsingum um byggðamálin í landinu.

Frá Bolungarvík. „Það liggur við að á þessu ári muni höfuðborgarsvæðið þurfa að byggja upp sem svarar þjónustiígildi Bolungarvíkur og Vesturbyggðar. Það er augljóst mál að slíkt er dýrt ef þróunin heldur áfram," segir Einar K. Guðfinnsson m.a. í grein sinni.

Þurfa að byggja upp þjónustuígildi Bolungarvíkur og Vesturbyggðar árlega

Það er enda augljost mál að neikvæð byggðaþróun er þjóðfélagi okkar mjög dýrkeypt. Hún leiðir til slakrar nýtingar á fjármunum sem þegar hafa verið lagðir í uppbyggingu úti á landi. Sveitarfélögin, sem njóta fólksfjölgunarinnar þurfa síðan að leggja í gríðarlegan kostnað við uppbyggingu nýrra mannvirkja til þess að taka á móti öllu þessu nýja fólki. Þegar tvö þúsund manns flytja á höfuðborgarsvæðið umfram brottflutning, þurfa sveitarfélögin þar að byggja upp nýtt samfélag þessara tvö þúsund einstaklinga. Það liggur við að á þessu ári muni höfuðborgarsvæðið þurfa að byggja upp sem svarar þjónustiígildi Bolungarvíkur og Vesturbyggðar. Það er augljóst mál að slíkt er dýrt ef þróunin heldur áfram. Það þarf leikskóla, grunnskólamannvirki, framhaldsskóla, götur og holræsi, svo dæmi séu tekin. Þetta kostar allt saman fé, sem ella væri unnt að nýta til annarra hluta. Við gætum örugglega þegið þetta fjármagn til þess að efla velferðarþjónustuna okkar, gera betur við þá sem höllum fæti standa, bæta menntunina, heilbrigðisþjónustuna, eða lækka skattana okkar, svo dæmi séu tekin. Með öðrum orðum. Það gefur auga leið að búsetuþróun síðustu ára, dregur úr lífskjörum og leggur byrðar á komandi kynslóðir.

10 milljarða óþarfa herkostnaður

Forsætisráðherra, Davíð Oddsson benti líka á það í síðustu viku á Alþingi að um það bil 3 til 5 milljóna kostnaður væri því samfara fyrir sveitarfélag þegar nýr íbúi flyttist þangað, til að mynda af landsbyggðinni. Nú liggur fyrir að ekki færri en tvö þúsund manns flytji af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins, umfram tilflutning. Beinn kostnaður fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu er því á bilinu 6 til 10 milljarðar króna á árinu. Þetta er kostnaður sem við gætum verið án, vegna þess að fólkið flytur jafnan frá sveitarfélögum, þar sem þjónusta af því tagi sem byggja þarf upp fyrir sunnan er til staðar.

Þetta er athyglisvert. Og færir okkur heim sanninn um að byggðastefna borgar sig. Ekki bara fyrir okkur sem á landsbyggðinni búa, eða sveitarfélögin okkar. Heldur líka fyrir höfuðborgarsvæðið og landið í heild. Þetta er málflutningur sem við eigum að halda á loft og reyna með honum að skapa almenna sátt um að reyna að snúa búsetuþróuninni við.

Einar K. Guðfinnsson,
alþingismaður.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr.
Hlíðarvegur 14: Einbýlishús - kjallari, hæð og óinnréttað ris. Grunnflötur ca. 90m². Húsið er nýuppgert að mestu.
Verð: 10.400.000,-
Kirkjubær: Lítið einbýlishús. Laust.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega.
Verð kr: 6.300.000,-
Mjallargata 6, norðurendi: Lítil 3-4 herb. íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Laus fljótlega.
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu.
Verð 11.500.000,-
Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta húsið í bænum. 277m², ásamt bílskúr.
Verð: 13,5 milljónir.
Pólgata 6: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus.
Verð: 4.300.000,-
Stórholt 13: 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000

Heiðarbraut 12: Rúmlega 220m² tvílyft einbýlishús ásamt bílskúr. Geta verið tvær íbúðir. Laust fljótlega. Verð kr: 11.500.000.- Skipti á minni eign koma til greina.

Völusteinsstræti 3: Einbýlishús ásamt bílskúr.

Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 1.600.000
Strandgata 7: Nýuppgert einbýlishús. Verð kr. 6 millj.
Túngata 18: 4 herbergja íbúð á 3. hæð. Nýuppgerð. Verð kr. 6,9 millj.

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 16: Lítið einbýlishús. Verð kr. 600.000,-. Laust.
Brunnar 2: 170 m² einbýlishús. Laust. Verð kr. 5.200.000,-
Hjallar 10: Stórt einbýlishús - laust. Verð: 3.600.000,-

ÖRLYGSHÖFN:

Einbýlishús ásamt bílskúr. Þarfnast viðgerðar. Laust.
Verð kr. 600.000,-

REYKHÓLAR:

Suðurendi í tvíbýlishúsi. Mikil eign.
Verð kr. 3.000.000.-

FLATEYRI:

Hjallavegur 14 og 16: Lítil raðhús á einni hæð.
Hjallavegur 18: Efri og neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Hjallavegur 20: Efri hæð í tvíbýlishúsi
Góð áhvílandi lán fylgja öllum eignunum á Flateyri.

BOLUNGARVÍK:

Þuríðarbraut 9: Rúmlega 120m² einbýlishús úr timbri ásamt mjög stórum bílskúr (hátt til lofts). Húsið getur verið laust fljótlega. Verð kr. 6.200.000.-
Búðarkantur 2: Rúmlega 200m² stálgrindarhús.
Holtabrún 5: Ca. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Höfðastígur 6: U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus.
Verð: 1.200.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herb. íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7,2 milljónir.
Vitastígur 9: 2 x 75m² parhús. Nýuppgert og mjög vandað.
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 7.000.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 10: Efri hæð í tvíbýlishúsi. Góð áhvílandi lán.
Hjallavegur 11: Einbýlishús, 160-170m², illa farið. Verð kr. 2 millj., allt áhvílandi.

ÞINGEYRI

Brekkugata 1: Neðri hæð í tvíbýlishúsi, 80m². Verð 1 millj.

Bjössi í Snerpu fer ekki í tölvuleiki eftir vinnu

Lærði á tölvu sem var á stærð við ísskáp

Björn Davíðsson frá Þingeyri er í daglegu tali einfaldlega kallaður Bjössi í Snerpu. Hann stofnaði fyrir fjórum árum Tölvuþjónustuna Snerpu á Ísafirði ásamt Jóni Arnari Gestssyni frá Suðureyri og hafa þeir rekið hana síðan og smátt og smátt bætt við sig starfsfólki. Hann viðurkennir að hafa í byrjun verið tölvufrík, eins og það er kallað, „en það eldist nú af manni“. Björn byrjaði ungur að forrita og er að mestu sjálfmenntaður í tölvufræðum, enda var þá enginn hérlendis sem kunni nóg til að kenna honum. Hann segir okkur hér undan og ofan af fyrstu skrefum sínum á vettvangi tölvufræðanna.

Björn byrjaði í alvöru að fást við tölvur skömmu eftir að hann kom til Ísafjarðar, eða kringum 1985. „Þá voru að koma hér stórmerkilegar tölvur á markaðinn sem hétu IBM PC og voru dálítið stórar og klunnalegar miðað við tölvur dagsins í dag, en alls ekki ósvipaðar í uppbyggingu. Forrit sem voru notuð í þeim tölvum er ennþá hægt að keyra á þeim tölvum sem er verið að selja í dag. Þetta var einfaldlega PC-vélin sem allt er borið saman við. Ég keypti mér svona vél.“

Innra minnið eitt kílóbæt

„Reyndar var ég búinn að kynnast tölvum áður, en þetta var fyrsta „alvörutölvan“ sem ég eignaðist. Áður hafði ég átt tölvur af gerðinni Sinclair, sem voru nú nokkuð frægar. Ég eignaðist slíka tölvu árið 1981 og það var hægt að gera mjög margt með henni, þó að innra minnið væri bara eitt kílóbæt. Það var hægt að fá dýrum dómum minnisstækkun upp á 16 kílóbæt, sem ég splæsti í. Það voru engir diskar í þessum tölvum, heldur allt tekið upp á segulband. Þetta voru venjulegar 60 mínútna segulbandsspólur og það var hægt að koma ansi miklu fyrir á þeim.“

Skrifaði forrit á Sinclair

„Ég skrifaði nú ekki mörg forrit á þessa tölvu en fiktaði þeim mun meira á henni. Eitt forrit skrifaði ég þó sem var notað mjög lengi. Það var notað í vídeókerfunum í Breiðholti og í Ólafsvík til þess að sýna skjáauglýsingar og dagskrá á skjánum. Þetta forrit var upphaflega skrifað í Sinclair ZX 81 og síðan var það „öppgreidað“ eins og það er kallað, í Sinclair Spectrum með voðalega fínni grafík, Íslandskortum og lit og fíniríi. Það var raunar mjög svipað í útliti og textavarpið er í dag, þó heldur fullkomnara ef eitthvað er.

Það voru held ég fyrst og fremst þessar Sinclair Spectrum tölvur sem ruddu heimilistölvubyltingunni af stað, miklu frekar en PC-tölvurnar. Stofnandi fyrirtækisins í Bretlandi, Clive Sinclair, var aðlaður fyrir vikið og hét eftir það Sir Clive Sinclair. Hins vegar yfirkeyrði verksmiðjan sig, heldur hratt var byggt upp þegar hér var komið sögu og síðasta tölvan frá Sinclair „floppaði“.“

Ísskápurinn er nú safngripur

En Bjössi í Snerpu komst í kynni við tölvu nokkuð löngu áður en hann eignaðist Sinclair ZX 81 og síðan Sinclair Spectrum og fór að fikta við þær. „Það má segja að það hafi verið strax í fyrsta bekk menntaskóla. Við kynntumst þar tölvu sem er safngripur í dag. Ég veit ekki betur en hún sé ennþá til. Ég var í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og þetta var veglegasta skólatölvan í Reykjavík. Hún var á stærð við meðalísskáp og við fengum aðgang að henni. Hún kostaði geypifé og það var keypt eitt stykki fyrir þennan stóra skóla sem FB var þá, með um 1.700 nemendur að mig minnir. Við þessa tölvu var hægt að tengja þrjá skjái og einn prentara sem var raunar með ritvélarlyklaborði líka. Kynni mín af þessum skáp voru fyrstu kynni mín af tölvu. Það voru engir harðir diskar í henni, heldur tvær átta tommu diskettur. Önnur var notuð til að ræsa vélina og stýrikerfið og hin var notuð undir gögn, forrit og annað slíkt.“

Afturför að nota tölvu

– Varla hafa margir af sautján hundruð nemendum skólans komist í þessa einu tölvu...

„Nei, þetta var nú eiginlega ekki neitt viðurkennt fag, heldur talið mest fyrir einhverja dellukalla. Menn komust ennþá ágætlega af með strimlareiknivélar á þessum tíma. Líka þótti það eiginlega móðgun við þá sem kunnu að búa til stundaskrár í FB að fara með þá vinnslu inn í tölvu. Menn fundu mikið að slíku og þvílíku á þeim tíma og þótti afturför ef eitthvað var, vegna gatanna sem urðu í stundatöflunum hjá tölvunum.“

Komnir fram úr kennaranum

– Þú nefndir að þú hefðir búið til forrit í Sinclair-tölvunum. Lærðirðu það af sjálfum þér?

„Já. Ástæðan var reyndar ekki sú að maður vildi hafa það þannig, heldur var enginn til að kenna manni það. Á þessum tíma var enginn til í landinu sem kunni neitt meira á þetta en maður sjálfur. Ég lærði þetta bæði af handbókum sem fylgdu vélunum og einnig af fræðibókum sem ég keypti. Oft kom upp sú staða, að við sem vorum í því sem átti að heita tölvunám í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, vorum að spila með kennarann, vitandi það að við vorum komnir dálítið fram úr honum í sumu af fræðunum.

Ég man sérstaklega eftir einu dæmi. Yfirleitt er sérstakur „panikhnappur“ á tölvum, sem hægt er að ýta á til að stöðva vinnsluna þegar allt annað bregst. Á ísskápstölvunni okkar í skólanum var svona hnappur til að stöðva vinnsluna og við nokkrir félagar settum saman forrit sem gerði þennan hnapp óvirkan og gerði útilokað að stöðva keyrslu viðkomandi forrits.“

Þegar ísskápurinn skammaði kennarann

„Eitt sinn þegar kennarinn kom í skólann á mánudagsmorgni og ætlaði að hreinsa til á seinni diskettunni, sem kölluð var, þá sá hann þar skrá sem hét Úrillur. Eina leiðin til að komast að því hvort henda mætti þessari skrá var að sækja hana og keyra hana. Hann ræsti skrána og fékk upp á skjáinn heljarinnar bunu af skammaryrðum um það, hvað það væri mikill ruddaskapur að ræsa tölvuna svona snemma á mánudagsmorgni. Hún vildi halda áfram að fá að vera í friði og spurði hvort hann gæti ekki valið sér einhvern annan tíma til að hreinsa skrár af disklingunum. Kennarinn leit á þetta sem hvern annan prakkaraskap af okkar hálfu og ætlaði að stöðva keyrsluna með þar til gerðum „panikhnappi“, en þá fékk hann bara aðrar skammir um að það væri bannað að nota þennan hnapp. Það tók hann líklega hátt í hálftíma að komast út úr keyrslunni með því að sitja undir allskonar formælingum og dónaskap frá tölvunni.“

Þeir félagar á svipuðu plani

Mikið vatn er runnið til sjávar frá því að Bjössi í Snerpu var að fást við ísskápinn í Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Hann hélt áfram að „fikta“ og forrita og vinna við tölvur, allt þangað til hann og Jón Arnar Gestsson stofnuðu Snerpu árið 1994. Þeir félagar munu vera á svipuðu plani í tölvufræðunum. „Hann er mikið sjálflærður eins og ég, fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem ég nefndi, að menn verða að kenna sér sjálfir ef enginn er til að kenna þeim. “

Sérsviðið er internetið

– Þú ert titlaður kerfisstjóri hjá Snerpu. Hvað felst í því?

„Sérsvið mitt er internetið og allt sem því fylgir og tölvugreinar skyldar því.“

Bjössi í Snerpu þverneitar því að hann leggist í tölvuleiki þegar hann kemur heim úr vinnu. Hann líkir sér við afgreiðslumann í sjoppu sem er fremur ólíklegur til þess að leggjast í súkkulaðiát þegar hann kemur heim.

Fyrirtækið þeirra félaga, Tölvuþjónustan Snerpa á Ísafirði, er eitt margra fyrirtækja hérlendis sem annast internetþjónustu. Bjössi hefur vakið athygli alþjóðar fyrir baráttu fyrir hagsmunum einkarekinna tölvufyrirtækja og hefur nú nýlega klagað sjálfan Símann til Samkeppnisráðs.

VEGAGERÐIN

Mælingamaður Ísafirði

Staða mælingamanns hjá hönnunardeild Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun skv. kjarasamningi SFR.

Starfssvið

- *Vinna við landmælingar og úrvinnslu þeirra.*
- *Eftirlit og upplýsingagjöf vegna vetrarþjónustu.*

Menntunar- og hæfniskröfur

- *Æskileg reynsla af landmælingum.*
- *Tölvukunnátta æskileg.*
- *Stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.*
- *Góðir samstarfshæfileikar.*

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur R. Kristjánsson, Ísafirði í síma 456 3911 eða Ásgeir M. Kristinsson í síma 563 1562.

Vinsamlega sendið inn skriflegar umsóknir til Ráðgarðs, Furugerði 5, 108 Reykjavík merktar: ***„Vegagerðin - mælingar“*** *fyrir 9. nóvember nk.*

Bílstjórar ath!

Munið bílastjóraballið í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardagskvöldið 31. október.

Miðapantanir eru í símum 456 7394 (Elísabet og Halldór), 456 3310 (Margrét og Páll), 456 8355 (Inga V. og Jón Reynir) og í síma 456 3997 (Sigga og Siggi).

Sjá nánar götuauglýsingar.

Fundarboð

Boðað er til stofnfundar nýs Björgunarfélags á Ísafirði í kaffisal Íshúsfélags Ísfirðinga hf., laugardaginn 31. október nk. kl. 14:00.

Allir félagsmenn í Hjálparsveit skáta Ísafirði og Karladeild SVFÍ Ísafirði eru hvattir til þess að mæta, þar sem þeir verða sjálfkrafa meðlimir í nýja Björgunarfélaginu.

Nýir félagar eru einnig boðnir velkomnir og geta skráð sig sem stofnfélaga á fundinum.

Hjálparsveit skáta Ísafirði,
Karladeild SVFÍ Ísafirði.

Íbúð til sölu!

Til sölu er 3ja herbergja íbúð að Pólgötu 6 á Ísafirði í skiptum fyrir íbúð í Reykjavík.

Einnig er mögulegt að fá íbúðina á leigu frá 3. desember nk.

Upplýsingar gefa Bjarki eða Hrafnhildur í símum 586 1974 og 895 5509.

DAGSKRÁ

28. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 28. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Nýjasta tækni og vísindi
19.00 Andmann (3:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 Mósaík
21.30 Laus og liðug (14:22)
22.00 Nýi presturinn (1:12)
(Ballykissangel III)
Breskur myndaflokkur um ungan prest í smábæ á Írlandi og margvísleg samskipti hans við bæjarbúa. *Aðalhlutverk: Stephen Tompkinson, Dervla Kirwan, Tony Doyle og Niall Toibin.*
23.00 Ellefufréttir
23.20 Handboltakvöld
23.40 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.20 Handboltakvöld
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
18.30 Andarnir frá Ástralíu (2:13)
19.00 Heimur tískunnar (4:30)
(Fashion File)
19.27 Kolkrabbinn
Fjölbreyttur dægurmálaþáttur með nýstárlegu yfirbragði. Fjallað er um mannlíf heima og erlendis, tónlist, myndlist, kvikmyndir og íþróttir.
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum líðandi stundar. Liðsstjórar eru Björn Brynjúlfur Björnsson og Ragnhildur Sverrisdóttir.
21.10 Meiri krít (6:6)
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (6:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Gerð myndarinnar Popp í Reykjavík
23.35 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 30. OKTÓBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (60:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (4:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 Stutt í spunann
21.20 Nornirnar
(The Witches)
Bandarísk bíómynd frá 1990 um níu ára dreng sem reynir að koma í veg fyrir að ógurlegri norn takist að breyta öllum börnum í mýs. *Aðalhlutverk: Anjelica Huston, Mai Zetterling, Rowan Atkinson og Jasen Fisher.*
22.55 Sharpe við Waterloo
(Sharpe: Waterloo)
Bresk sjónvarpsmynd frá 1996 byggð á metsölubók eftir Bernard Cornwell um ævintýri hermannsins Sharpes. *Aðalhlutverk: Sean Bean.*
00.35 Útvarpsfréttir
00.45 Skjáleikurinn
03.55 Formúla 1
Bein útsending frá tímatökum fyrir kappaksturinn í Japan á Suzuka-brautinni þar sem japönsku bílaverksmiðjurnar prófa nýja bíla. *Umsjón: Gunnlaugur Rögnvaldsson.*
05.15 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 31. OKTÓBER 1998

03.55 Formúla 1
Bein útsending frá tímatökum fyrir kappaksturinn í Japan.
05.15 Skjáleikurinn
09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
12.00 Formúla 1
Tímatökur fyrir kappaksturinn í Japan. Endursýning.
14.10 Auglýsingatími
14.25 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í efstu deild.
16.15 Leikur dagsins
Bein útsending frá leik á Íslandsmóti karla í handknattleik.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (2:26)
18.30 Gamla testamentið (2:9)
19.00 Strandverðir (18:22)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
Skemmtiþáttur þar sem Spaugstofumenn skoða atburði líðandi stundar í spéspegli.
21.20 Níu mánuðir
(Neuf mois)
Frönsk gamanmynd frá 1994 um hjónalíf á meðgöngutíma. Vanlíðan, uppköst og þunglyndi hrjá oft konur meðan á meðgöngu stendur en hvað um karlana? Hvernig líður þeim? *Aðalhlutverk: Patrick Braoudé, Philippine Leroy-Beaulieu, Catherine Jacob og Daniel Russo.*
23.10 Þagnarréttur
(The Right to Remain Silent)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 um unga lögreglukonu sem kynnist mörgum kynlegum kvistum á fyrsta vinnudegi sínum. *Aðalhlutverk: Lea Thompson, LL Cool J, Patrick Dempsey, Christopher Lloyd, Amanda Plummer, Carl Reiner, Judge Reinhold, Laura San Giacomo, Fisher Stevens og Robert Loggia.*
00.45 Útvarpsfréttir
00.55 Skjáleikurinn
03.30 Formúla 1
Bein útsending frá kappakstrinum í Japan sem fram fer á Suzuka- brautinni þar sem japönsku bílaverksmiðjurnar prófa nýja bíla.
06.00 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 1. NÓVEMBER 1998

03.30 Formúla 1
Bein útsending frá kappakstrinum í Japan sem fram fer á Suzuka- brautinni þar sem japönsku bílaverksmiðjurnar prófa nýja bíla.
06.00 Skjáleikurinn
09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Hlé
11.30 Formúla 1
Kappaksturinn í Japan endursýndur frá því í nótt.
14.00 Dietrich Fischer-Dieskau - Haustferð
(Dietrich Fischer-Dieskau: La voix de l'âme)
Þýsk/frönsk heimildarmynd um hinn snjalla óperu- og ljóðasöngvara.
15.00 Þrjú-bíó
Jonni og Klói
16.40 Í fótspor ferðamanna
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Pepette
18.45 Tsitsi (5:5)
19.00 Geimferðin (15:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Draugasaga
Sjónvarpskvikmynd frá 1985 eftir Odd Björnsson og Viðar Víkingsson. Dularfullir atburðir eiga sér stað innan veggja Sjónvarpshússins við Laugaveg í Reykjavík. *Aðalhlutverk: Sigurjóna Sverrisdóttir, Kristján Franklín Magnús, Rúrik Haraldsson, Þorsteinn Hannesson, Guðmundur Ólafsson og Kristbjörg Kjeld.*
21.50 Helgarsportið
22.15 Dans í takt við tímann (3:4)
23.55 Ljóð vikunnar
Endursýndur þáttur frá því fyrr í kvöld.
00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikurinn

Fyrirtæki stofnanir!

Athugið að panta eyðublöð og aðra prentun tímanlega fyrir jólaannirnar

H-PRENT EHF
Sólgötu 9 • Ísafirði
Sími: 456 4560 • Fax: 456 4564

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 28.OKTÓBER 1998

13.00 Antonia og Jane (e)
14.10 George Michael (e)
Tónlistarþáttur með söngvaranum vinsæla George Michael.
15.05 NBA Molar
15.30 Dýraríkið
16.00 Brakúla greifi
16.25 Guffi og félagar
16.45 Ómar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (7:26)
21.00 Ellen (14:25)
21.30 Ally McBeal (10:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Antonia og Jane (e)
(Antonia and Jane)
Bráðfyndin bresk mynd frá árinu 1991 um vinkonurnar Antoniu og Jane.
01.00 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 29.OKTÓBER 1998

13.00 Bréfberinn (e)
(Il Postino)
15.00 Oprah Winfrey (e)
15.45 Eruð þið myrkfælin? (7:13)
16.10 Guffi og félagar
16.30 Með afa
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (9:32)
21.00 Kristall (4:30)
21.35 Þögult vitni (10:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (4:13)
23.35 Bréfberinn (e)
(Il Postino)
Frábærlega vel gerð og áhrifarík bíómynd sem gerð er í samvinnu Ítala og Frakka árið 1994. Myndin fjallar um bréfberann Mario Ruoppolo sem hefur það hlutverk með höndum að bera út ógrynni bréfa sem skáldinu Pablo Neruda berst á degi hverjum. Í helstu hlutverkum eru Philippe Noiret og Massimo Troisi sem lést úr hjartaáfalli aðeins tólf klukkustundum eftir að tökum myndarinnar lauk. *Aðalhlutverk: Massimo Troisi, Philippe Noiret og Maria Grazia Cucinotta.*
01.20 Kreistu mig, kysstu mig (e)
(Hold Me Thrill Me Kiss Me)
02.55 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 30.OKTÓBER 1998

13.00 Glæpadeildin (4:13) (e)
13.40 Þorpslöggan (2:17) (e)
14.30 Ættarveldið II (2:2) (e)
16.00 Töfravagninn
16.25 Guffi og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (4:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 Tæpar hetjur
(Unstrung Heroes)
Steven Lidz er 12 ára en ósáttur við hlutskipti sitt í lífinu. Mamma hans er alltaf eitthvað veik og hann nær engu sambandi við pabba sinn. Steven ákveður því að strjúka að heiman og setjast að hjá tveimur frændum sínum sem eru hinir mestu furðufuglar. Þar líður stráknum mun betur og hann sér lífið í nýju ljósi. *Aðalhlutverk: Andie Macdowell, John Turturro, Michael Richards og Maury Chaykin.*
22.45 Valdatafl
(Executive Power)
Fyrrverandi leyniþjónustumaður, Nick Seger, er fenginn til að rannsaka dauða Victors Kerns, náins vinar og samstarfsmanns forsetahjónanna. Nick verður ekki um sel þegar einu vísbendingunni er stolið úr íbúð Susan Marshall, fyrrverandi kærustu Victors. Ekki batnar heldur ástandið þegar Susan sjálfri er rænt af illmenni sem krefst þess að hún afhendi honum myndbandsspólu sem Victor hafði látið hana fá. *Aðalhlutverk: Craig Sheffer, Joanna Cassidy, John Heard og Andrea Roth.1996.*
00.25 Hrappurinn (e)
(There Was a Crooked Man)
02.25 Eitraða Ivy (e)
(Poison Ivy)
03.55 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 31.OKTÓBER 1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Beint í mark
12.30 NBA (e)
12.55 Kraftaverk á jólum (e)
14.45 Enski Boltinn
16.55 Oprah Winfrey
17.40 60 mínútur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (13:24)
20.35 Seinfeld (4:22)
21.10 Ferðalangurinn
(The Accidental Tourist)
Úrvalsmynd um Macon Leary sem hefur atvinnu af því að skrifa ferðabæklinga fyrir þá sem vilja helst ekki ferðast. Hann gefur ýmis góð ráð um það hvernig megi forðast öryggisleysið og allt sem er framandi. En þegar sonur Macons deyr hrynur tilvera hans til grunna. Hann er eins og svefngengill í lífinu og innan tíðar hefur eiginkonan fengið nóg. *Aðalhlutverk: Kathleen Turner, William Hurt og Geena Davis.*
23.15 Óskur
(Scream)
Brjáluður morðingi með hryllingsmyndir á heilanum drepur hverja unglingsstúlkuna á fætur annarri í smábæ nokkrum. *Aðalhlutverk: Neve Campbell, Skeet Ulrich, David Arquette, Drew Barrymore og Courtney Cox.*
01.10 Í óbyggðum (e)
(Badlands)
02.45 Dauðaför (e)
(Kill Cruise)
04.20 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 1.NÓVEMBER 1998

09.00 Í erilborg
09.25 Köttur út' í mýri
09.50 Brúmmi
09.55 Tímon, Púmba og félagar
10.15 Andrés Önd og gengið
10.40 Urmull
11.05 Nancy (6:13)
11.25 Húsið á sléttunni
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.50 Lois og Clark (22:22) (e)
17.45 Fornbókabúðin (5:8) (e)
18.25 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (12:25)
20.40 Heima (5:12)
Sigmundur Ernir Rúnarsson heimsækir kaupmannahjónin Sævar Karl Ólason og Erlu Þórarinsdóttur.
21.15 Víxlsporið
(The Grotesque)
Brytinn Fledge kemur til starfa á ríkmannlegu heimili sir Hugos Coles ásamt drykkfelldri konu sinni sem gerist bústýra þar. Allt virðist slétt og fellt á yfirborðinu en undir niðri kraumar megn óánægja og vanlíðan. Húsbóndinn er sérvitur með afbrigðum og giftur bandarískri konu sem neitar honum um allahlýju. Það liggur því í loftinu að einhver hljóti innan tíðar að stíga víxlspor með einhverjum. *Aðalhlutverk: Alan Bates, Sting, Theresa Russell og Lena Headey.*
22.55 60 mínútur
23.45 Margot drottning (e)
02.05 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 2.NÓVEMBER 1998

13.00 Perez-fjölskyldan (e)
14.50 Ally McBeal (1:22) (e)
15.35 Vinir (1:25) (e)
16.00 Köngulóarmaðurinn
16.20 Guffi og félagar
16.45 Úr bókaskápnum
16.55 Lukku-Láki
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ein á báti (10:22)
20.55 Fósturfúsk
Sannsöguleg bíómynd um hneykslismál sem komst í hámæli árið 1995. Virtur læknir sem rak læknastofu í Kaliforníu varð uppvís að því að taka fósturvísa úr saklausum konum og koma fyrir í legi annarra kvenna. *Aðalhlutverk: Linda Lavin og Marilu Henner.*
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.45 Perez-fjölskyldan (e)
01.35 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 3.NÓVEMBER 1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (7:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.30 Handlaginn heimilisfaðir
14.55 Að hætti Sigga Hall (10:13)
15.25 Rýnirinn (13:23) (e)
15.50 Spegill, spegill
16.15 Guffi og félagar
16.35 Sjóræningjar
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Bæjarbragur (13:15)
20.35 Handlaginn heimilisfaðir
21.00 Þorpslöggan (3:17)
21.55 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Fylgsnið (e)
(Hideaway)
Hörkuspennandi bandarískur sálartryllir frá 1995.
00.35 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 28. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Golfmót í Bandaríkjunum
18.20 Gillett-sportpakkinn
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Heimsfótbolti Western Union
19.35 Chelsea - Aston Villa.
Bein útsending frá 3. umferð deildarbikarkeppninnar
21.40 Á valdi listarinnar
(Savage Messiah)
Bresk kvikmynd. Franskur myndhöggvari, Henri Gaudier-Brzeska, verður ástfanginn af pólskri konu, Sophie. Við fyrstu sýn virðast þau eiga lítið sameiginlegt. Sophie kemur úr ólíku umhverfi og er auk þess töluvert eldri en Henri. Ástfangið fólk er hins vegar tilbúið að leggja ýmislegt á sig, en hvort það nægir til hér skal ósagt látið. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: Dorothy Tutin, Scott Anthony og Helen Mirren.*
23.15 Geimfarar (17:21)
24.00 Lostafullur nágranni
Ljósblá mynd. Stranglega bönnuð börnum.
01.20 Í ljósaskiptunum (e)
01.45 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Kaupahéðnar (6:26)
21.00 Fangaupprreisnin
(Against The Wall)
Sannsöguleg kvikmynd um fangauppreisn í Attica-fangelsinu í New York í september 1971. Fangarnir höfðu lengi kvartað yfir aðbúnaðinum og það var aðeins tímaspursmál hvenær þeir gripu til sinna ráða. Hópur fangavarða var tekinn í gíslingu og eftir fjögurra daga umsátur létu sveitir yfirvalda til skarar skríða. Blóðbað var óumflýjanlegt og þegar yfir lauk höfðu nærri 40 fallið, þar af tíu fangaverðir. *Aðalhlutverk: Kyle Maclachlan, Samuel L. Jackson, Clarence Williams III, Frederic Forrest og Harry Dean Stanton.1994.*
22.50 Jerry Springer (6:20)
(The Jerry Springer Show)
Jerry Springer er þáttastjórnandi sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Sumum þykir hann ósvífinn og ófyrirleitinn en nú verður hver að dæma fyrir sig. Þátturinn er einn sá vinsælasti í Bandaríkjunum um þessar mundir.
23.35 Dáðadrengur
(All the right moves)
Þetta er ein af fyrstu myndum stórstirnisins Tom Cruise en hér fer hann með hlutverk ungs manns sem dreymir um að verða verkfræðingur. Faðir hans og bróðir eru báðir námuverkamenn og eina leið hans til að komast í háskóla er að fá skólastyrk út á hæfni sína í fótbolta. *Í öðrum helstu hlutverkum eru Craig T. Nelson, Lea Thompson og Christopher Penn.*
01.00 Í ljósaskiptunum (e)
01.25 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 30. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (15:22)
20.30 Beint í mark
21.00 Dauðinn á Níl
(Death On The Nile)
Spennumynd sem gerist á fyrri hluta aldarinnar. Hinn góðkunni Hercule Poirot er staddur um borð í gufuskipi. Einn farþeganna, erfingi mikilla auðæfa, var myrtur og nú verður Poirot að leysa málið. Allir farþegarnir liggja undir grun og fram undan er vandasamt og erfitt verk. *Aðalhlutverk: Peter Ustinov, Bette Davis, David Niven, Mia Farrow, Angela Lansbury og George Kennedy.1978.*
23.15 Nóttin langa
(Endless Night)
Michael er bifreiðastjóri. Hann ekur glæsikerru til ýmissa staða í Evrópu en flestir viðskiptavina hans eru Bandaríkjamenn. Í París kynnist hann Ellie, heillandi stúlku sem er ekki á flæðiskeri stödd með peninga. Michael er ókunnugt um auð hennar og vill slíta sambandinu þegar hann kemst að öllu saman. *Aðalhlutverk: Britt Ekland, George Sanders, Hywel Bennett og Hayley Mills.*
00.50 Í ljósaskiptunum (e)
01.15 Butch og Sundance
(Butch and Sundance: The Early Days)
Mynd á léttum nótum um tvo náunga sem láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Maltin gefur tvær og hálfa stjörnu. *Aðalhlutverk: Tom Berenger, William Katt og Jeff Corey.*
03.10 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 31. OKTÓBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Star Trek (e)
18.00 Jerry Springer (5:20)
(The Jerry Springer Show)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Herkúles (23:24)
21.00 Fröken flugeldur
(Miss Firecracker)
Tilfinningarík gamanmynd um Carnellu Scott, sem þráir titilinn „Fröken flugeldur“. Carnella er ekkert sérstaklega falleg og hefur enga afgerandi hæfileika. Hún kemur frá snarvitlausri fjölskyldu og hefur slæmt orð á sér. Engu að síður hefur Carnella möguleika á að sigra fegurðarsamkeppnina „Fröken flugeldur“ því innra með henni logar þessi sérstaki eldmóður sem getur kveikt í öllum í kringum hana. *Aðalhlutverk: Holly Hunter, Mary Steenburgen og Tim Robbins.*
22.40 Jerry Springer (4:20) (e)
23.25 Kóngar í hringnum
(When We Were Kings)
Heimildarmynd, sem fékk Óskarsverðlaun, um Muhammad Ali og George Foreman og sögulegan bardaga þeirra í Afríku. *Aðalhlutverk: Muhammad Ali, George Foreman, Don King, James Brown, B.B. King og Spike Lee.1996.*
01.00 Hnefaleikar - Naseem Hamed
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Atlantic City í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Prinsinn Naseem Hamed, heimsmeistari WBO-sambandsins í fjaðurvigt, og Írinn Wayne McCullough.
04.15 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 1. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
15.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Middlesborough og Nottingham Forest í ensku úrvalsdeildinni.
17.55 Ameríski fótboltinn
18.50 19. holan (21:29)
19.25 Ítalski boltinn
Útsending frá leik Roma og Udinese í ítölsku 1. deildinni.
21.15 Ítölsku mörkin
21.35 Golfmót í Bandaríkjunum
22.30 Evrópska smekkleysan
22.55 Hoffa
Sannsöguleg kvikmynd um verkalýðsforingjann James R. Hoffa. Hoffa var mjög umdeildur enda lagði hann sig ákaft fram við að ná sínum málum í gegn. Samskipti Hoffa við mafíuna fóru mjög fyrir brjóstið á andstæðingum hans og svo fór að verkalýðsforinginn þurfti að óttast um líf sitt. *Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Danny De Vito og Armand Assante.1992.*
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 2. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Ítölsku mörkin
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Hunter (e)
19.55 Enski boltinn
Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Charlton Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
21.55 Trufluð tilvera (7:33)
22.15 Stöðin (5:24)
22.40 Á ofsahraða
(Planet Speed)
Svipmyndir úr heimi akstursíþróttanna.
23.05 Fótbolti um víða veröld
23.30 Svona er lífið
(Doing Time On Maple Drive)
00.55 Í ljósaskiptunum (e)
01.20 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Dýrlingurinn
18.15 Ofurhugar
18.40 Knattspyrna í Asíu
19.40 Evrópukeppni félagsliða
(UEFA Cup)
Bein útsending frá síðari leik Aston Villa og Celta de Vigo í 2. umferð.
21.40 Þey, þey, kæra Charlotta
(Hush, Hush, Sweet Charlotte)
Charlotte er dóttir landeiganda í Louisiana. Árið 1927 hugðist hún hlaupast á brott með kvæntum manni. *Aðalhlutverk: Bette Davis, Olivia De Havilland, Joseph Cotten og Agnes Moorehead.1965.*
23.50 Óráðnar gátur (e)
(Unsolved Mysteries)
00.35 Í ljósaskiptunum (e)
(Twilight Zone)
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Herbergi með eldunaraðstöðu og sérinngangi **til leigu.** Upplýsingar í síma 456 3448.

Til sölu er **Subaru Forester** árg. 1998, ekinn 9.800 km. Bílalán getur fylgt. Skipti á ódýrari bíl kemur til greina. Á sama stað er til sölu glænýr **gervihnattamóttakari**. Uppl. gefur Hjálmar í síma 456 4665.

Til sölu er 2ja herbergja íbúð. Laus mjög fljótlega. Gott verð. Upplýsingar í síma 456 3128.

Vil kaupa PC-tölvu, 486, 66 mhz, eða betri. Allt kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 4313.

Til sölu er **Ford Econoline** XLT árg. 1989, 7,3 diesel, 4x4, Dana 60 hásingar, sex tonna spil, stýristjakkur, fjórir kastarar, ný 36" dekk, álfelgur, 12 manna bíll. Skipti möguleg. Uppl. eftir kl. 19 í síma 456 4364.

Tilboð óskast í húseignina að Hlíðarvegi 14 sem er nýuppgert 180m² tvílyft einbýlishús ásamt 60m² geymslulofti. Uppl. gefa Þorbjörn eða Pálína í síma 456 4125.

Til sölu er Rainbow **ryksuga** og Sega leikjatölva. Uppl. í síma 456 4364 eftir kl. 19.

Til sölu er **Toyota Corolla** árg. 89. Upplýsingar í síma 456 4324.

Til sölu eru **haglabyssur**, Benelly hálfsjálfvirk, Brno tvíhleypa ,,undir-yfir" með aukahlaupi, Browning riffill 30-06/243 cal. og skammbyssa S&W. Uppl. í síma 894 8822.

Til sölu er **MMC Lancer** árg. 1988, ekinn 120 þús. km. Sumar- og vetrardekk. Verð kr. 130 þús. Upplýsingar í síma 456 7567.

Til sölu er Burton **snjóbretti**. Uppl. gefur Siggi Hólm í símum 456 3026 og 897 3062.

Vel ættuð hross til sölu, 4 vetra hryssa og 3 vetra foli. Upplýsingar í símum 456 4837 og 586 1812.

Til sölu eru nokkrar 15" Saab **felgur** á kr. 2.000.- pr. stk. Uppl. gefur Bjössi í síma 456 5470 á daginn og 456 4792 á kvöldin.

Til sölu eru 13" **vetrardekk** á felgum. Seljast ódýrt. Uppl. í síma 456 7329.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á Eyrinni. Uppl. í síma 456 3683.

Dagmömmur-barnapíur! Ég er 2ja og hálfs árs gömul stelpa og vantar þössun 1-2 morgna í viku. Ef þú getur hjálpað mér, hafðu þá samband við mömmu mína í síma 456 3676 eða 861 8965.

Óska eftir **barnavagni.** Upplýsingar í símum 456 5107 og 861 1407.

Bingó! Bingó verður í Vagninum sunnudaginn 1. nóv. kl. 15. Fjölmargir góðir vinningar. Kaffisala í hléi. Komið og spilið skemmtilegan leik á góðum stað. *Kvenfélagið Brynja.*

Til sölu er 200 ltr. **frystikista**. Verð kr. 15 þús. Uppl. í síma 456 3484.

Félagsmiðstöðin Tópas í Bolungarvík óskar eftir að fá **húsgögn**, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Hafið samband í síma 456 7487 eða 456 7413.

Til leigu er Pólgata 6, 3ja herb. risíbúð á Eyrinni. Laus 3. desember. Uppl. gefa Bjarki og Hrafnhildur í s. 586 1974 og 895 5509.

Óska eftir 486 **tölvu**. Upplýsingar í síma 456 5343.

Til sölu er íbúð á Ísafirði í skiptum fyrir íbúð í Reykjavík. Upplýsingar gefa Bjarki eða Hrafnhildur í símum 586 1974 og 895 5509.

Óskum eftir tveimur notuðum **rúmum** fyrir fullorðna. Einnig matarborði ásamt stólum fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4365 eða 456 5359.

Dekurdömur! Sú ykkar sem á miða með tölustafnum 4, átt óvæntan glaðning hjá Sól og Fegurð og Silfá. Kjörið svo vel og vitjið hans.

Til sölu er vel með farinn Subaru station 1800, 4x4, árg. 1988, ekinn 163 þús. km. Bifreiðin er á nýjum nagladekkjum og nýleg sumardekk á felgum fylgja. Geislaspilari og dráttarkrókur. Verð kr. 390 þús. Uppl. gefur Oddur í vs. 456 3911 og hs. 456 4749.

Til sölu er **haglabyssa**, KC 12, Remington pumpa. Upplýsingar í síma 456 6158.

Til sölu er Ski-Doo Summit **snjósleði** árg. 1995. Aðeins keyrður 300 km. Svo til nýr. Verð 580 þús. kr. Uppl. gefur Fjalar á kvöldin í síma 456 4915.

Góðir Íslendingar!
Maður lifandi
styrk, von og starf
Söluátak á Vestfjörðum:
SAMKAUP, Ísafirði og þín verslun, Vöruval í Bolungarvík selja hljómdiskinn og björgunarsveitir munu ganga í hús í Vesturbyggð og hjóða diskinn „Maður lifandi“
Við vænum þátttöku einstaklinga, fyrirtækja og stofnana að leggja málinu lið.
Á dögum sem þessum - eru allir vinir!
Vinsamlega takið vel á móti sölufólki, því við þurfum STYRK, VON OG STARF!
Leggðu þitt til málanna!
Maður lifandi, síminn
800 4455
alla helgina, föstudag 30. kl. 9-16, laugardag 31. kl. 11-16 og sunnudag 1. nóv. kl. 13-16.

DANSLEIKUR
laugardaginn 31. október til stuðnings Styrktarfélagi vangefinna - Krúsinni Ísafirði
Húsið opnar kl. 22:00. Skemmtunin hefst kl. 23:00.
Listamenn sem syngja og leika á hljómdiskinum „Maður lifandi“ koma fram.
André Backmann, Guðrún Gunnarsdóttir, Sævar Sverrisson, Örlí Guðmundsson og Tryggvi Hübner
Hljómsveitin GLEÐIGJAFAR
Dansað til kl. 03:00.
Miðaverð kr. 1.000.

ERT ÞÚ ORÐINN ÁSKRIFANDI?
SÍMINN ER 456 4560

Vetrarverð á góðum bílum
Allar stærðir bíla
Sækjum - sendum
Lipur og góð þjónusta!
BÓNUS BÍLALEIGA
Klettagarðar 150 • 104 Reykjavík
Sími 568 8700 • Fax 568 8070

Smáauglýsingar BB sími 456 4560

Horfur á miðvikudag:
Norðaustan kaldi eða stinningskaldi og él um norðanvert landið en hægari og bjart syðra.
Horfur á fimmtudag og föstudag:
Allhvöss norðvestan átt með éljum norðaustan lands en hæg norðlæg átt og víða bjart veður sunnan- og vestan til. Hiti í kringum frostmark.
Á laugardag og sunnudag:
Vaxandi norðaustan átt með éljagangi eða snjókomu. Svalt í veðri.

BEINAR ÚTSENDINGAR SJÓNVARPSSTÖÐVA

RÍKISSJÓNVARPIÐ

Föstudagur 30. október kl. 03:55
Formúla 1 í Japan
Laugardagur 31. október kl. 14:25
Þýski boltinn
Laugardagur 31. október kl. 16:15
Bein útsending frá efstu deild karla í handknattleik
Laugardagur 31. október kl. 03:30
Formúla 1 í Japan

STÖÐ 2

Laugardagur 31. október kl. 14:45
Enski boltinn

SJÓNVARPSTÖÐIN SÝN

Miðvikudagur 28. október kl. 19:35
Chelsea - Aston Villa -bikarkeppnin
Laugardagur 31. október kl. 01:00
Hnefaleikar frá Atlanta: Prins Nassem Hamed gegn Wayne McCullough
Sunnudagur 1. nóvember kl. 15:45
Middlesborough - Nottingham Forest
Sunnudagur 1. nóvember kl. 119:25
Roma - Udinese
Mánudagur 2. nóvember kl. 19:55
Tottenham - Charlton Athletic
Þriðjudagur 3. nóvember kl. 19:40
Aston Villa - Celta de Vigo

TV NORGE

Sunnudagur 1. nóvember kl. 16:25
Viking - Kragerö (handbolti kvenna)

NRK 1

Laugardagur 31. október kl. 13:00
Noregur - Kórea í handbolta karla

TV3 NOREGUR

Miðvikudagur 28. október kl. 19:35
Chelsea - Aston Villa

EUROSPORT

Miðvikudagur 28. október kl. 18:00
Fimmtudagur 29. október kl. 18:00
Föstudagur 30. október kt. 18:00
Tennis í Stuttgart

Snæfell
föstudaginn
30. október kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Snæfell
föstudaginn
30. október kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

Um þrjátíu manna barnakór söng undir stjórn Margrétar Geirsdóttur. Baldur Geirmundsson lék með á harmóniku og Sigurður Friðrik Lúðvíksson á bassa.

OPIÐ
ALLT ÁRIÐ
GISTING
VEITINGAR
BENSÍNSALA
GÓÐ AÐSTAÐA
FYRIR FUNDI OG
ÁRSHÁTÍÐIR
Verið velkomin!
FERÐAÞJÓNUSTAN
REYKJANESI
Sími 456 4844 - Fax 456 4845

Á sjötta hundrað manns í afmælisveislu Tónlistarskóla Ísafjarðar

Almenn ánægja með þátttöku bæjarbúa í hátíðarhöldunum

„Við erum afskaplega ánægð með hversu margir komu“, sagði Auður Jóhannsdóttir hjá Tónlistarskóla Ísafjarðar í samtali við blaðið, en milli fimm og sex hundruð manns komu í fimmtíu ára afmælisveislu skólans, sem haldin var í Íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudaginn. Eins og sæmir í góðum veislum voru góðgerðir fyrir bæði sál og líkama.

Af tónlistaratriðum í afmælisveislunni má nefna, að yngri og eldri harmónikusveitir léku undir stjórn Messíönu Marsellíusdóttur, Margrét Geirsdóttir stjórnaði barnakórum, Beata Joó stjórnaði kennarakór skólans og Janusz Frach stjórnaði fiðlusveit sem flutti Barnasinfóníuna eftir Haydn.

Meðal þess sem gestir gæddu sér á milli tónlistaratriða voru gríðarmiklar afmælistertur og félagar í Sunnukórnum sáu um að baka pönnukökur. Terturnar mátti mæla í fermetrum og á þeim voru að sjálfsögðu fimmtíu kerti. Yngstu börnin í barnakórnum fengu það hlutverk að blása á kertin og gekk það eins og í sögu, „rétt eins og allt annað á hátíðinni“, sagði Auður Jóhannsdóttir.

Milli fimm og sex hundruð manns komu í Íþróttahúsið á Ísafirði til að samfagna Tónlistarskóla Ísafjarðar í tilefni fimmtugsafmælisins.



Deep Impact
Áhrifarík spennumynd með Morgan Freeman
Frum-mynd
Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

Margflókin staða í hinu pólitíska umhverfi á Vestfjörðum

Ólga og gerjun á vinstri vængnum

Miklar sviptingar og gerjun eru um þessar mundir á vinstri væng stjórnmálanna og þá ekki síst á Vestfjörðum.

Þar hefur allmikill flótti brostið í lið Alþýðubandalagsins vegna óánægju með undirbúning að sameiginlegu framboði með öðrum vinstri öflum, eða samfylkingu hinna svonefndu félagshyggjuflokka. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður hefur sagt skilið við flokkinn og fjöldi flokksmanna fylgt honum út, þar á meðal verulegur meirihluti flokksmanna á Patreksfirði, Hólmavík og í Bolungarvík.

Skiptar skoðanir eru um það, hvert kjósendur Alþýðubandalagsins muni snúa sér í vorkosningunum. Margir telja, að mikið af liðinu muni skila sér til hins sameinaða framboðs.

1978-1998
Innanlands-farseðlarnir fást hjá okkur
1978-1998
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Deep Impact
Búðu þig undir að týna lífinu!

Fríða og dýrið
Hinn ósagði kafli ævintýrisins

Hoodlun
Þar sem völdin eru mæld í fjölda óvina
POKI AF FÍLUM FYLGIR HVERRI VÍDEÓSPÓLU
HAMRABORG
Sími: 456 3166